



Alþjóðlegt AFL

Hver er staða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði?

Hvernig eru móttökurnar?

Hverjar eru hindranirnar?

Hví í lengist fólk?



Tímarit AFLs er helgað breytingum sem framundan eru á vinnumarkaði og samfélagsbreytingum sem þeim kunna að fylgja. Að þessu sinni er tekin fyrir staða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði og velt upp spurningum um hvernig er tekið á móti þeim, hvaða áskorunum þeir mæti og hvað fái þá til að ílengjast hérlandis. Með því að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag

Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson

Ritstjórn og efnisvinnsla: Útgáfufélag Austurlands

Myndir: Útgáfufélag Austurlands, AFL Starfsgreinafélag, Pixabay og úr einkasafni höfunda, nema annað sé tekið fram.

Prófarkalestur: Bókstafur

Upplag: 5.500 eintök

Umbrot: Augasteinar

Prentun: Héraðsprent


Dreift í öll hús á félagssvæði AFLs frá Langanesbyggð til Hornafjarðar.



Til góðra verka

Meðal efnis

Alþjóðlegt AFL



Skilaboð á ýmsum tungumálum

Hvernig mætir AFL erlendum félögum?

4



Yfirvinnan ekki rétt greidd


Sátt náðist áður en málið var dómtekið

8

Allir þyrftu að læra málið

Vantar langtímaþefnu í hvernig tekið er á móti fólki


20



AFL hjálpaði eftir vinnuslys

Fékk toghlera í höfuðið

10



Væri til í að fara aftur í bókhaldið

Íslenskukunnáttu krafist

12



Ánægður með íslenskan vinnumarkað

Menning að gera rétt

14



Gráðan reyndist ónýt á Íslandi

Innflytjendur þurfa að byrja frá grunni

24



Auðvelt að fá vinnu á Íslandi

Meira atvinnuleysi veikir stöðu launafólks

16



Vill fleira ungt fólk í hreyfinguna

Ásdís Helga Jóhannsdóttir, stjórnarmaður í AFLi

28

Félagsmenn innan AFLs koma frá 60 mismunandi þjóðum



Ísland (4.489), Pólland (1.144), Rúmenía (191), Tékkland (188), Spánn (136), Slóvakía (109), Litháen (96), Portúgal (95), Lettland (63), Króatía (62), Ungverjaland (59), Ítalía (52), Danmörk (45), Grikkland (45), Þýskaland (42), Búlgaría (34), Frakkland (26), Bretland (26), BosníaHersegonía (22), Úkraína (21), Svíþjóð (19), Tæland (17), Írak (15), Bandaríkin (15), Serbía (13), Brasilía (11), Finnland (11), Slóvenía (9), Austurríki (8), Eistland (8), Hondúras (8), Belgía (5), Írland (5), Georgía (4), Rússland (3), Venesúela (3), Kýpur (2), Ghana (2), Indónesía (2), Sierra Leone (2), El Salvador (2), Argentína (1), Albanía (1), Belarús (1), Kanada (1), Sviss (1), Kolumbía (1), Epíópía (1), Indland (1), Japan (1), Liechtenstein (1), Palestína (1), Paragvæ (1), Singapúr (1), Sýrland (1), Tyrkland (1), Tansanía (1), Úganda (1), Suður Afríka (1), án ríkisfangs (1).



Margvíslegar áskoranir í þjónustu við erlent félagsfólk

Dagur á skrifstofu AFLs Starfsgreinafélags getur verið viðburðarríkur. Við fáum tölvupósta og skilaboð á ýmsum tungumálum og oft þarf að grípa til „Google translate“ til að reyna að átta sig á erindinu. Þá koma félagsmenn á skrifstofuna ýmissa erinda og oft eru samskiptin talsvert skrautleg þegar tungumálaerfiðleikarnir eru miklir.

Ekki allir starfsmenn félagsins eru mjög færir í erlendum tungumálum og þó að flestir skilji að einhverju leyti ensku – þá hjálpar það lítið þegar félagsmenn sem til okkar leita tala kannski litla ensku og jafnvel frekar vitlausu. Félagið býr þó svo vel að 2 – 3 starfsmenn þess eru talsvert færir í ensku og svo eru tveir af starfsmönnum þess af erlendum uppruna og bæta því talsvert við tungumálaferni félagsins.

Malgorzata Libera sem við þekkjum sem Gosiu, er af pólskum uppruna og talar því reiprennandi pólsku og góða íslensku og einnig ensku og hrafl í rússnesku. Gosia er á skrifstofu félagsins á Reyðarfirði og sér m.a.

um afgreiðslu menntastyrkja félagsins.

Aleksandra Radovanovic, er af serbneskum uppruna og starfar á skrifstofu félagsins á Egilsstöðum og auk reiprennandi íslensku talar hún serbnesku sem er nánast sama tungumál og króatar, bosníumenn og svartfellingar tala. Auk þess talar hún ensku. Aleksandra starfar við bókhald félagsins.

Mínar síður á sjö tungumálum

Á meðan virkjanaframkvæmdum við Kárahnjúka stóð voru starfsmenn félagsins oft á ferðinni með túlka með sér til að geta

átt fundi með félagsmönnum. Við höfum í gegnum tíðina verið með pólskumælandi, þýskumælandi og spænskumælandi túlka til að mæta mismunandi aðstæðum.

En eftir að framkvæmdaskeiðið gekk yfir hættu starfsmenn að mestu að kalla á túlka og yfirleitt reynum við að eiga samskipti við erlenda félagsmenn á ensku eða pólsku eða serbnesk-króatísku þar sem það á við. Það hefur og hjálpað talsvert að „mínar síður“ eru nú að mestu komnar á sjö tungumál, þ.e. íslensku, pólsku, litháísku, tékknesku, rúmensku, serbó-króatísku og spænsku. Félagsmenn af ólíkum þjóðernum geta því bjargað sér sjálfir á „mínum síðum“ og bókað íbúðir og sumarhús, sótt um styrki og sjúkradagpeninga.

Þetta er mikil breyting á félaginu frá því að stofnfélög AFLs voru lítil verkalýðsfélög

– hvert á sínum firði og erlendir félagsmenn nánast óþekkt fyrirbæri. Það var seinnipart síðustu aldar – þ.e. fyrir 40 – 50 árum sem aðeins fór að bera á erlendu vinnuafli og þá aðallega í fiskvinnslu og í sláturhúsum. Þetta jókst svo til muna um síðustu aldamót.

63 þjóðerni í matsalnum

AFL eins og önnur verkalýðsfélög á landinu tóku við innflæði launafólks á síðustu árum síðustu aldar og fyrstu árum þessarar með ýmsum aðgerðum. Reynt var að þýða kjarasamninga á önnur tungumál og þá var reynt að gefa út kynningarefni og upplýsingabæklinga á öðrum tungumálum.

Margir þeirra sem komu til stafa í fiskvinnslu á félagssvæðinu komu frá

Póllandi. Einnig kom fólk af öðrum þjóðernum – t.d. Serbar til Hafnar í Hornafirði, Litháar og Lettar komu í fiskvinnslu, Írar og Ástralir í fiskvinnslu og til vinnu í sláturhúsum. Fólk fluttist hingað vegna þjálfarastarfa eða til að leika knattspyrnu og kom með fjölskyldur og settist svo að.

Við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers ALCOA á Reyðarfirði fjölgaði félagsmönnum AFLs mjög hratt og á árunum 2004 – 2007 ríflega tvöfaldaðist félagsmannatalið og voru félagsmenn um níuþúsund talsins um mitt ár 2007. Þá voru þjóðernin og mjög mismunandi. Einhvern tíma var gerð talning á þjóðernum í matsalnum í aðalvinnubúðunum á Kárahnjúkum og taldist mönnum þá til að 63 þjóðerni sætu að snæðingi í þeim.



Slys sem varð þegar rúta með ríflega 30 starfsmönnum frá Kárahnjúkum fór út af í Bessastaðafjalli í ágúst 2007 kallaði á harðar aðgerðir AFLs eftir að í ljós kom að stór hluti mannskaparins var ekki skráður til vinnu hérlendis.

Hvað mætir innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði?



Tungumálið er fyrsta áskorunin sem mætir erlendu launafólki sem kemur til starfa á Íslandi. Oftast hefur fólk verið ráðið í gegnum tölvupóst eða eftir samskipti á samfélagsmiðlum og þá átt öll sín samskipti á ensku við íslenskan launagreiðanda en við komuna til landsins blasa við upplýsingaskilti og allar merkingar á íslensku og viðkomandi gerir sér þá grein fyrir því fyrir alvöru að hann/hún er komin á mjög framandi slóðir.

Margt af því fólki sem kemur til tímabundinnar vinnu eru ekki mjög sleipt í ensku og oft er tungumálakunnátta launagreiðendanna lítið skárri. Það kemur mögulega mörgum á Íslandi á óvart – en það er ekki sjálfgefið að allir tali eða skilji ensku. Á stórum svæðum í Evrópu er þýska miklu algengara annað tungumál en enska. Sem betur fer eru ráðningarsamningar til á ensku og pólsku og hefur það auðveldað fólki að vita hvað það er að skrifa undir og ráða sig til.



Kjarasamningar eru næsta áskorun en þeir eru að mestu á íslensku, þó að Starfsgreinasambandið hafi gefið út síðustu samninga á ensku og pólsku. Það er ekki bara tungumálið sem vefst fyrir fólki varðandi kjarasamninga heldur einnig að víða um heim er ekki nánast algild regla eins og hér á landi – að til séu kjarasamningar um nánast öll störf. Það eru því ótal hugtök sem fólk þarf að tileinka sér.



Réttindi og skyldur á vinnumarkaði eru atriði sem margir eru að upplifa í fyrsta sinn, aðallega það sem snýr að réttindum. Það er bæði því margir þeirra sem koma til tímabundinnar starfa eru að koma úr námi eða eru í námi og hafa ekki mikið verið á vinnumarkaði meðan aðrir koma frá svæðum þar sem réttindi launafólks eru frekar takmörkuð og mögulega bundin í lög viðkomandi lands en ekki kjarasamninga.



Verkalýðsfélög eru nánast hvergi í heiminum jafn sjálfsögð og á Íslandi. Víða um heim verða félagsmenn í verkalýðsfélögum fyrir ofsóknum og eru hraktir úr vinnu þannig að oft verður erlent launafólk hvekkst við þegar það áttar sig á því að aðild að verkalýðsfélaga er sjálfsögð hér og einnig fyrir það sjálft. Einnig voru t.d. verkalýðsfélög í gömlu Sovéttblokkinni í raun bara verkfæri stjórnvalda og því ekki baráttutæki launafólks og víða um heim hafa glæpasamtök tekið verkalýðsfélögin yfir og nota til kúgana og annarra glæpaverka. Það tekur því oft einhvern tíma að byggja upp traust milli nýju félagsmannanna og félagsins.



Norðurlandabúar og aðrir frá „velmegunarríkjum“ norður Evrópu eru einnig meðal þeirra sem koma til tímabundinnar starfa. Þessi hópur þekkir vel til verkalýðsfélaga og kann rétt sinn og skyldur. Samskipti við þennan hóp ganga yfirleitt vel frá upphafi.



Traust er undirstaða þess að unnt sé að gæta hagsmuna launafólks. Þegar fólk kemur til landsins þá þekkir það engann í upphafi nema „launagreiðandann“ sem það hefur verið í samskiptum við og trúir því viðkomandi venjulega í einu og öllu. Óþrúttir launa-greiðendur nýta sér þetta til að reyna að telja fólk á að hafa ekki samband við verkalýðsfélagið og treysta sér.



Tengslanet eru fljót að myndast og ekki síst með aðstoð samfélagsmiðla. Þannig komast flestir í samband við landa sína eða aðra útlendinga sem starfa á landinu og fá leiðbeiningar og aðstoð. Fólk er þá fljótt að átta sig á að launagreiðandinn segir ekki alltaf alveg satt og leitar þá til okkar.



Yfirmannaótti er ríkjandi víða um heim – sérstaklega í löndum þar sem mikið atvinnuleysi hefur verið. Fólk óttast að kvarti það eða geri athugasemdir við kaup sitt eða kjör, verði það rekið og jafnvel vísað úr landi. Það er því mikilvægt að fólk upplifi strax að það eigi bakland í félaginu sínu og þurfi ekki að óttast yfirmanninn.



Réttindin koma á óvart. Þegar komið er yfir fyrstu hindranir í samskiptum nýrra félagsmanna við AFL eru hlutirnir fljótir að gerast og má eflaust þakka það að miklu leyti tengslanetinu sem hefur myndast á samfélagsmiðlum því um leið og fólk finnur að það getur treyst félaginu þá leitar það hiklaust eftir þjónustu og aðstoð. Því er ekki óalgengt að litlir hópar erlendra félagsmanna, sem vinna á sama stað, komi á skrifstofur okkar á frídegi sínum með langan lista spurninga.



Heilsueflingarstyrkir eru fyrsta aðstoð sem nýir félagsmenn öðlast rétt á. Um leið

og nýjum félagsmönnum er bent á það – skunda menn í sundlaugar og kaupa sér áskriftarmiða þar og nýta styrkinn. Þetta er mjög mikilvægt til að skapa góð og jákvæð tengsl og um leið fá símanúmer og netföng þessara nýju félagsmanna. Það auðveldar okkur mikið að koma skilaboðum út á allan hópinn um mikilvæg mál.



Erlendir félagsmenn eru einnig fljótir að sjá kosti þess að vinna hér jafnvel í nokkur ár og fá aðstoð við að sækja sér framhaldsnám eða afla sér réttinda með aðstoð menntasjóða félagsins. Þannig eru sjálfsagt tugir eða hundruð flutningabílstjóra víða um Evrópu með íslensk ökuþróf. Þetta verður líka til þess að sumt af því launafólki sem upphaflega kemur til skamms tíma – framlengir dvöl sína og jafnvel í lengist.



Sumarhúsin og íbúðirnar sem AFL á fyrir sína félagsmenn koma erlendum félagsmönnum þægilega á óvart og gefur þeim tækifæri til að njóta landsins í vaktafríum og heimsækja Reykjavík þegar það hentar. Þetta hefur hins vegar valdið þeim óþægindum að oft neita félagsmenn okkar að skipta um félag þó þeir flytji sig um set í aðra landshluta til starfa. Það þarf því stundum talsverðar fortölur til að fá fólk til að fallast á að flytja sig yfir í rétt verkalýðsfélag og að önnur félög eigi einnig íbúðir og sumarhús.



Traust og skilningur. Við vonum auðvitað að þegar erlent launafólk heldur heim aftur eftir sumardvöl eða lengri tíma í vinnu á íslenskum vinnumarkaði að þá flytji það með sér heim þekkingu á starfssemi verkalýðsfélaga og stuðli þannig hægt og bítandi að því að launafólk í heimalöndunum nái að safna kröftum og standa saman.

Jaime Mascarenhas

Samkeppni starfsfólks meginmunurinn á vinnumarkaðnum

Fimm ár eru síðan Jaime Mascarenhas réði sig í vinnu sem kokk á gististað á félagssvæði AFLs. Hann hefur tvisvar leitað aðstoðar AFLs eftir að hafa lent í deilu við yfirmenn sína. Hann er nú að stofna sitt eigið ferðaþjónustufyrirtæki og segir Ísland hafa hjálpað honum við að koma undir sig fótunum.

„Vinnuveitandi minn í Portúgal skuldaði mér orðið um sex mánaða laun sem er býsna mikið þar þannig ég ákvað að fara annað. Mig minnir að ég hafi séð auglýsingu á Facebook um jólin og ákvað að láta vaða. Hér er ég enn,“ segir Jaime. Hann fékk vinnu hjá hóteli á félagssvæðinu en rak sig á að yfirvinnan væri ekki rétt greidd. Hann kveðst hafa byrjað á að reyna að ræða málin við vinnuveitendur en þeir hafi brugðist illa við. Þá hafi hann og fleiri starfsmenn staðarins

leitað til AFLs. „Við reiknuðum ekkert með að málið héldi neitt áfram út af öllum tengslunum sem eru hér,“ segir Jaime. Málið vatt fljótt upp á sig og alls hættu níu starfsmenn vegna þess. Þrjú þeirra ákváðu að taka slaginn með stuðningi AFLs og höfða dómsmál. Áður en það fór fyrir dóm náðist sátt í málinu. „Þau borguðu okkur að lokum. Út af nokkrum þúsunda króna fór allt í loft upp!“ Jaime réði sig þá til annars ferðaþjónustufyrirtækis á svæðinu en ekki tók mikið

betra við þar og aftur var ekki staðið við samninga. Jaime leitaði aftur til AFLs en ekki var talið erfiðisins virði að höfða dómsmál.

Ekki almenn verkalýðs-félagsaðild í Portúgal

Jaime er uppallinn í Portúgal og aðspurður um muninn á vinnumarkaðinum þar og héraendis bendir hann á annars vegar aðild að stéttarfélögum, hins vegar samkeppni meðal starfsfólks.

„Á Íslandi eru allir í verkalýðsfélagi en í Portúgal eru þau frekar fyrir þá sem vinna hjá hinu opinbera. Ég var á almenna markaðnum og því ekki í neinu félagi. Þess vegna hafa portúgölsku félögin ekki sömu áhrif og þau íslensku.

Á Íslandi er samkeppni um störfin mun minni og þjónustan því oft verri. Fólk kemst upp með að slaka á og leggja ekki sömu umhyggju í starfið. Í Portúgal er það svo að ef þú stendur þig ekki þá ertu einfaldlega rekinn.“

Síður farið eftir reglunum hjá fjölskyldufyrirtækjum

Jamie kveðst hafa upplifað að vinnuveitendur geri skýran mun á Íslendingum og útlendingum. „Ég veit ekki með launin á hótelinu en Íslendingarnir voru mun oftar í kaffihléum. Við fundum líka að fjölskyldan sem átti staðinn var í forgangi. Hjá ferðaþjónustufyrirtækinu veit ég að Íslendingarnir þénuðu yfir milljón á mánuði meðan útlendingarnir voru á lágmarkslaunum. Ég var aðeins yfir þeim. Ég fann samt þar að það var alveg eins komið fram við Íslendingana ef þeir stóðu sig ekki.

Ég hef síðan unnið í Reykjavík og þar var yfirmaðurinn minn ekki tengdur fyrirtækinu á annan hátt en að vera stjórnandi. Miðað við það sem ég sé og heyri þá eru hlutirnir í fastari skorðum ef ekki er um fjölskyldufyrirtæki að ræða.“

Gott að ná sambandi við AFL

Þótt Jaime hafi flutt af svæðinu hafa bæði hann og kærastinn hans haldið tryggð við AFL. „Ég hef nýtt mér styrkjakerfi AFLs. Ég hef byggt mér upp nokkra inneign í menntasjóðnum sem ég ætla mér að nýta. Kjarasamningarnir eru ekki betri hjá AFLi en annars staðar, nema síður sé, en það er gott að ná sambandi við AFL. Bæði Sverrir (Mar Albertsson, framkvæmdastjóri) og Hjördís Þóra (Sigurþórsdóttir, formaður) svara mér alltaf. Ég hef prófað að tala við VR og þangað þurfti ég að fara með öll gögn útprentuð meðan AFL tók á móti öllu í tölvupósti.“

Stofnaði ferðaskrifstofu

Þrátt fyrir erfiða reynslu hefur Jaime haldið tryggð við Ísland og virðist una sér þar nokkuð vel. Hann hefur að undanfögnu starfað í gestamóttöku á hóteli í höfuðborginni. Samhliða því hefur hann undanfarna mánuði byggt upp eigin ferðaskrifstofu sem hann áætla að verði hans framtíðarstarf.

„Ísland hefur gefið mér bæði tíma og fjármagn til að huga að framtíð minni. Slíkt svigrúm færðu ekki í Portúgal nema þú sért

annað hvort hátt settur eða í fjarvinnu. Til lengri tíma litið stefni ég þó að því að vinna utan Íslands.

Ég var að íhuga hvað mig langaði að gera. Ég vissi að ég vildi geta unnið hvar sem er og helst í gegnum tölvu, ég var kominn með nóg af líkamlegri vinnu. Þá fékk ég hugmynd að ferðaskrifstofunni. Eftir smá netleit sá ég að ekkert annað fyrirtæki býður það sem ég geri, sérhæfingu í ferðum til Norðurlandanna fyrir portúgalska og spænskumælandi svæði. Ég byrjaði á núlli og hef smátt og smátt byggt þetta upp. Ég er ekki bara með ferðir til Íslands heldur líka Finnlands, Noregs og fleiri Norðurlanda. Fyrirtækið er ekki enn orðið það stöndugt að ég geti borgað mér út laun, allt sem kemur inn fer í uppbygginguna svo sem kaup á auglýsingum og slíkt, en það er framtíðarmarkmiðið. Þess vegna er ég enn að vinna með.“

Því má segja að Jaime sé á leið hinumegin við borðið, að verða sá sem ber ábyrgð á að borga öðrum laun. „Ég geri mér grein fyrir að ég get þurft að finna ódýrar lausnir í byrjun en ég horfi líka til þess að geta ráðið fólk í Portúgal og borgað betur heldur en gerist það. Það eru ýmsar leiðir til að gera vel við starfsfólk fyrir utan launin, svo sem vinnuumhverfið.“

Fullt nafn:

Jaime Mascarenhas

Aldur: 36 ára

Þjóðerni: Portúgalskur

Uppáhaldsstaður á Íslandi?

Kerlingarfjöll.

Hvað finnst þér um íslenska veðráttu?

Hún er frábær, sérstaklega þegar ég er erlendis.





Verður að elska sjóinn til að verða sjómaður

Ítalinn Luca Barberi hreifst svo af íslenskri vinnuþingningu að hann sér vel fyrir sér að koma aftur til að setjast að hérlendis. Ekki er að heyra að vinnuslys sem hann lenti í á sjó hafi dregið að ráði úr þeirri ánægju.

„Ísland heillaði mig alltaf vegna náttúrunnar, eldfjallanna og jöklanna. Ég var líka hrifinn af norrænni menningu, þar með talið þeirri íslensku. Ég hafði líka mikinn áhuga á norrænni goðafræði og

víkingunum þannig að mig langaði að sjá þessi lönd með eigin augum og kynna menningunni sem er þar í dag.

Suður-Evrópubúar hafa stundum smá fordóma gagnvart Norðurlöndunum, að fólkið þar sé svo kalt. Ég komst hins vegar að því að það er ekki satt, heldur þvert á móti. Mér fannst fólkið á Íslandi frábært og eignaðist marga vini sem ég skrifast á við,“ segir Luca.

Hann hafði því gengið með hugmyndina í maganum þegar vinur hans snéri aftur til Ítalíu eftir að hafa unnið á Íslandi og

ferðast sumarið 2020. „Hann sagði mér að bæði lífið og fólkið væri gott. Eftir að hafa verið lokaður inni í Covid á Ítalíu þá var ég tilbúinn að reyna eitthvað nýtt, að vinna og búa í öðru landi. Það var erfitt að vera hér í faraldrinum, þú þurftir að vera inni og máttir ekkert fara. Frá tíu að kvöldin til fimm að morgni mátti ekki fara út úr húsinu, annars mætti lögga. Þegar ég kom til Íslands upplifði ég mikið frelsi. Þá var búið að bólusetja stóran hluta þjóðarinnar meðan það var bara lögreglan og læknar sem höfðu fengið efni hér,“ segir Luca

sem kom til Íslands vorið 2021. „Ég kom óbólusettur en fékk tvo umganga af Pfizer í ágúst. Ég hitti konu á Djúpavogi sem hafði komið til landsins nokkrum árum fyrr og hún gat sýnt mér hvernig ég gæti bókað mér bólusetningu á Egilsstöðum. Þetta virtist vel skipulagt og ég var mjög ánægður með þjónustuna.“

AFL hjálpaði eftir vinnuslys

Úr varð að Luca kom til landsins með vini sínum og var á Austfjörðum; Djúpavogi, Breiðdalsvík og Egilsstöðum í um fjóra og háflan mánuð eða fram yfir miðjan október í fyrra. Þeir gengu í ýmis störf, bæði í fiskvinnslu og á sjó. Slíkt á ágætlega við Luca sem nemur öryggis- og gæðastjórnun í matvælum við háskólann í Pisa. „Þetta er heillandi viðfangsefni og þekking sem hægt er að nýta hvar sem er, til dæmis er hún góð í fiskiðnaðinum á Íslandi.

Ég vann í fiskvinnslu og síðan prófaði ég líka að fara á sjó. Ég var örlítið sjóveikur fyrstu 2-3 dagana. Vinnan á bátum var virkilega erfið. Dagarnir voru of langir. Ef þú elskar sjóinn og að veiða þá er þetta gott starf en þú verður að hafa þessa ást.

Þetta er líka hættuleg vinna og ég lenti í slysi, fékk toghlera í hausinn og rotaðist. Ég þurfti á sjúkrahúsið á Norðfirði og var óvinnufær í viku. Síðan þurfti ég að hvíla mig í mánuð. Að því loknu fór ég aftur til læknis sem sagði mér að hvíla einn mánuð í viðbót.

Stjórnandi fyrirtækisins neitaði að borga mér veikindaleyfið því ég var ekki með hjálm. Það var því skipstjórinn sagði okkur að drífa okkur þannig mér gafst ekki tími til að setja á mig hjálminn.

Ég hringdi í AFL Starfsgreinafélag og eftir það var málið leyst. Ég fékk fékk allt veikindaleyfið borgað. Ég fékk því mikla hjálp frá AFLi.“


Virðing borin fyrir starfsfólkinu hérlendis

Þrátt fyrir að hafa lent í þessu óhappi talar Luca vel um íslenskan vinnuþingningu sem hann telur hafa marga kosti fram yfir þann ítalska. „Ég hef unnið hér sem þjónn, á vörulager veitingastaðar og í viðgerðum. Á Íslandi eru launin mjög góð en einnig réttindi verkafólks sem og virðing borin fyrir því. Hér á Ítalíu er oft pottur brotinn í þessu. Það er hægt að eiga þokkalegt líf með einföldu starfi á Íslandi en það er mjög erfitt hér á Ítalíu, sérstaklega fyrir unga karla. Það sýnir sig líka að fólk frá Filippseyjum, Póllandi, Frakklandi og Spáni kemur til Íslands vegna launanna, réttindanna og lífsstílsins,“ segir Luca sem bætir við að það hafi ekki bara verið vinnuumhverfi heldur íslenskt samfélag almennt sem heillaði hann.

„Á Íslandi er borin virðing fyrir ólíku fólki, svo sem innflytjendum og hinsegin

fólki. Ég fann enga kynþáttafordóma en þeir eru til vandæða á Ítalíu. Ég hef ekki komið aftur til Íslands síðan í fyrrihaust en ég stefni á að koma aftur til að vinna eða fara í háskóla. Ég get vel hugsað mér að koma tímabundið eða jafnvel setjast að.“

En um miðjan nóvember í kulda og svartnætti er erfitt að ímynda sér að nokkur vilji skipta Ítalíu, þar sem pítsur og pastaréttir vaxa nánast á trjánnum, út fyrir Ísland. „Veðrið var ekki svo slæmt, ég kann ágætlega við mig í smá svara. Á Ítalíu voru 45 gráður en mér fannst betra að vera í 20 stigum á Íslandi. Ég þurfti aðeins að venjast matnum. Fiskurinn og kjötið er gott, ég gat keypt það beint frá framleiðendum fyrir austan. Laxinn og þorskurinn voru til dæmis frábært. Grænmetið og ávextirnir fannst mér ekki sérstakir. Síðan prófaði ég hákarlinn – hann var spes – og svo fannst mér harðfiskurinn góður.“



Fullt nafn:

Luca Barberi

Aldur: 25 ára

Þjóðerni: Ítali

Hvað finnst þér um íslenskan mat?

Hann er mjög sérstakur. Ég er vanur matargerð Miðjarðarhafsins og Ítalíu svo það var margt óvænt í bragðinu. Mér fannst hins vegar fiskurinn og kjötið einstakt, þar sprakk bragðið út. Gott grænmeti skorti hins vegar yfir veturinn.

Upphaldsstaður á Íslandi?

Djúpivogur, út af fólkinu en líka náttúrunni. Mér fannst staðurinn vera eins og mitt annað heimili.

Aušra Laukyte

Erfitt að byrja frá grunni í nýju landi



Aušra Laukyte vissi ekkert um Ísland en ákvað þó að slá til þegar henni bauðst að koma til starfa hjá Loðnuvinnslunni fyrir nánast sléttum átján árum. Hún segir byrjunina hafa verið erfiða því þau þrjú tungumál sem hún hafði lært komu henni ekki langt áfram hérlendis.

„Ég kom hingað því frændi minn starfaði hjá Icelandic Seafood og hann vissi hvar vantaði fólk til starfa í fiskvinnslu. Í mínu

tilfelli var það hjá Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði. Ég hafði verið að vinna í bókhaldi og hann spurði mig hvort ég vildi ekki prófa að breyta til, sem ég var til í,“ segir Ausra sem er fædd árið 1979 og var því 25 ára gömul þegar hún lenti á Keflavíkurlflugvelli 9. nóvember árið 2004.

„Ég vissi ekkert um Ísland. Mér fannst skrytið að lenda hér, ekkert nema hraun, engin tré. Í Litháen er mikið af trjám og landið mjög grænt. Það rigndi líka mikið og var kalt. Kuldinn vandist samt, það verður miklu kaldara í Litháen á veturna, allt niður í 30 gráðu frost. Hér er hins vegar meiri

vindur og rigning.

Fyrst ætlaði ég bara að vera í sex mánuði en nú eru komin 18 ár. Það er ekkert í kortunum hjá mér að fara aftur til Litháen eins og er en maður veit aldrei hvað síðar verður,“ segir Ausra.

Rússneska og franska dugðu ekki langt

Hún er alin upp í norður-Litháen, um 30 km frá landamærunum við Lettland og ólst því upp í Sovétríkjunum en Litháen

varð ekki sjálfstætt fyrr en 1990. „Ég man voðalega lítið eftir Sovétríkjunum sem slíkum, ég var bara barn. Ég er 11 ára þegar þau hrynja. Ég man það var mjög erfiður tími fyrir alla.“

Að koma frá Litháen til Fáskrúðsfjarðar voru mikil viðbrigði. „Þetta var lítill staður og byrjunin var erfið. Það lagðist allt á eitt. Allt var nýtt. Í Litháen lærðum við frönsku og rússnesku í skólunum sem kom mér ekki langt hér. Ég var að byrja í nýrri vinnu sem ég þekkti ekkert til. Ég var heldur ekki með neina vini sem ég gat talað við á sama tungumáli og fjölskylduna vantaði. Það tók mig nokkur ár að komast yfir þetta,“ rifjar hún upp.

Hún kom þó með systur sinni, tveimur árum eldri, sem bjó einnig fyrsta árið á Fáskrúðsfirði en flutti síðan til Reykjavíkur. „Það hjálpaði að fleiri fjölskyldur frá Litháen bjuggu á Fáskrúðsfirði og við aðstoðum hvert annað við að skilja það sem þurfti. Ég byrja síðan smám saman að tala íslensku, fór á íslenskunámskeið og fór að eignast íslenskar vinkonur. Íslenskan kom hins vegar hægt. Flestir vina minna eru erlendir og við tölum saman á öðrum tungumálum en íslensku. Yfirleitt hafa heldur ekki margir Íslendingar verið í kringum mig í vinnunni.“

Væri til í að fara aftur í bókhaldið

Ausra telur hins vegar fyrstu íslensku vinkonuna sem hún eignaðist á Fáskrúðsfirði, sem var þar jafnframt trúnaðarmaður, vera ábyrga fyrir því að Ausra sjálf var kjörin öryggistrúnaðarmaður. „Fólkið kaus mig, ég hef ekki hugmynd um af hverju. Ég held að þessi vinkona mín hafi fengið mig kosna. Hlutverk öryggistrúnaðarmannsins er að tryggja að allt sé í lagi á vinnustaðnum hvað varðar öryggi og aðbúnað starfsfólks. Ég er ekki trúnaðarmaður á núverandi vinnustað

mínum en ég kem fólki oft í samband við AFL þegar vantar aðstoð. Oft erum við með eldra fólk, til dæmis frá Póllandi, sem talar hvorki íslensku né ensku og er með einhver skjöl sem það skilur ekki. Ég fylgi því stundum á skrifstofu AFLs þar sem við fáum úrlausn,“ segir Ausra.

Eftir rúman áratug á Fáskrúðsfirði fór hún suður til Reykjavíkur á eftir systur sinni. Sú flutti á Höfn og aftur fór Ausra á eftir henni. Systirin er nú komin aftur til Reykjavíkur en Ausra hefur verið á Höfn síðastliðin fimm ár þar sem hún starfar hjá Skinney-Þinganesi. „Ég vinn við gæðaskoðun, einkum þegar það eru vertíðir. Annars geri ég það sem þarf að gera. Hjá Loðnuvinnslunni var ég í að snyrta fiskinn, pakka og gera annað sem þurfti að gera.“ Hún segir vinnumenninguna um margt svipaða því sem gerist í Litháen. Í báðum löndum séu gerðar kröfur um afköst. „Mér finnst vinnuarkaðurinn og menningin hér fin, fyrir þá sem vilja vinna.“

Aðspurð um hvort Ausra geti hugsað sér að vinna í bókhaldi hérlendis svarar hún. „Já, hví ekki. Mig langar alveg en ég tala ekki nógu góða íslensku. Það þarf enginn að segja mér það, ég veit það alveg sjálf. Í

bókhaldið þarf góða íslenskukunnáttu til að skilja allt sem fram fer.“

Landsliðsmaður í handbolta

Utan vinnunnar eru íþróttirnar helsta áhugamál Ausru sem á að baki afreksferil í handbolta í Litháen. „Ég æfði og spilaði í 15-16 ár. Ég komst upp í úrvalsdeild og var valin í landsliðið. Bæði þar og hjá félaginu mínu Egulte spilaði ég með vinkonu minni Ramune Pekarskyte. Margir Íslendingar þekkja hana, hún vann allt sem hægt var að vinna með Haukum auk þess sem hún spilaði með íslenska landsliðinu. Hún er tveimur árum yngri en ég. Hún er skytta en ég hornamaður. Ég gat spilað í báðum hornunum, ég er tiltölulega jafnhent. Fyrsta árið sem ég bjó hérlendis hugsaði ég um að koma mér inn í handboltann. Síðan var það alltaf næsta ár en ég fór aldrei af stað. Í dag hleyp ég mikið og fer út með hjólið mitt þegar veðrið er gott. Ég hef gaman af að horfa á handbolta og fylgist með íslenska landsliðinu þegar það keppir.“



Fullt nafn:

Aušra Laukyte

Aldur: 43 ára

Þjóðerni: Lithái

Hvað finnst þér um íslenska veðrið?

Þú veist aldrei hvað getur gerst.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á landinu?

Ég á engan einn uppáhaldsstað. Það er alltaf gaman að fara í Bláa lónið eða jeppaferðir upp á hálendið.

Sérgio Pancadas

Úr lyfjafræðinni í hótelpref



Sérgio Pancadas var búinn að fá nóg af borgarlífinu þegar hann kom fyrst til Íslands sem ferðamaður. Landið heillaði hann svo að hann hætti í lyfjaiðnaðinum og fór að þrifa herbergi á gistiheimili í Örfæfum.

„Ég er uppalinn í Lissabon, höfuðborg Portúgal, en kom fyrst til Íslands í júlí 2017. Ég notaði sumarfríið til að heimsækja vini mína sem unnu skammt utan við Selfoss. Ég náði að ferðast um Suðurlandið, meðal annars heimsækja Jökulsárlón og hitti þar

fleiri Portúgala sem voru að vinna hér. Ég var sleginn yfir íslenska friðnum og náttúrunni. Ég tók þá ákvörðun að flytjast til Íslands til að vinna hér í sex mánuði, komast úr borgarösinni og vinna meira með náttúrunni,“ segir Sérgio.

Lyfjafræðin nýtist á hótelinu

Þetta voru mikil umskipti á lífi Sérgio. „Ég er útskrifaður lyfjafræðingur og hafði unnið innan þeirrar greinar, meðal annars hjá AstraZeneca sem þið þekkið fyrir Covid-bóluefni. Þarna var ég að vinna hjá

sölufyrirtæki. Ég sagði skilið við þetta allt og fór að þrifa herbergi á gistiheimilinu og þjóna á veitingastaðnum hér á Hofi í Örfæfum. Ég vildi gera þetta, ég var búinn að fá nóg af umferðarteppunum í Lissabon og stressinu í vinnu. Starfið hér veitti mér það.

Ég hef alltaf lifað svona, að festast ekki of lengi í sama farinu heldur prófa eitthvað nýtt. Ég trúir að nám veiti þér fyrst og fremst verkfærin sem þú þarft til að þróa þig áfram í átt að því sem þú vilt gera í lífinu. Ég byrjaði í þrífumum, síðan fór ég í móttöku og bókanir áður en ég varð aðstoðarmaður

hótelstjórans. Ég tók loks við því starfi og stýri þeim tveimur gististöðum sem fyrirtækið rekur. Mér finnst þetta eitt af því góða við íslenska vinnumarkaðinn, samanborið við þann portúgalska, að minnsta kosti í ferðaþjónustunni hefur starfsmaðurinn svigrúm til að hljóta framgang í starfi því ég þekki fleiri dæmi. Hæfileikar þínir sem starfsmanns eru metnir þótt þú verðir alltaf að leggja þig fram og hafa vinnuveitanda sem treystir þér. Að byrja í þrífumum og vinna mig svo áfram gat mér líka breiðari sýn á hvað vinnan hér felur í sér sem nýtist mér sem stjórnandi.

Lyfjafræðin nýtist mér líka í starfinu. Þar lærirðu samskipti og stjórnun auk þess að greina tölur. Þetta nýtist allt í bæði hótelstjórnuninni sem fleiri störfum. Góð samskipti eru mikilvæg í heilbrigðisgeiranum sem annars staðar á vinnumarkaði.“

Inni í íslensku hlýjunni

Athygli vekur líka að Sérgio hafi fórnað portúgalskri sól fyrir íslenskan vetur og myrkur. „Ég fæ þessa spurningu oft og fólk verður hissa þegar ég segist frekar vilja veturinn. Þótt veturinn og óveðrin væru ný fyrir mér þá gekk mér vel að aðlagast þeim. Þau eiga líka sinn þátt í að gera Ísland sérstakt. Ég tengist náttúrunni að mörgu leyti betur í gegnum veturinn, maður fer út og finnur kraftinn í henni.

En það verður líka að muna eftir því að portúgölsku húsin eru ekki byggð fyrir veturinn eins og þau íslensku og því verður oft kalt í þeim. Mér finnst frábært að geta verið hér innandyrna á bol og stuttbuxum.“

Ánægður með íslenskan vinnuarkað

Sérgio kveðst hafa farið að kynna sér íslenskan vinnuarkað eftir að hann byrjaði að vinna hér. Þannig komst hann

í samband við AFL. „Mér finnst skipta máli að kunna lögin til að vita hvort þú fái rétt borgað. Ég er hrifinn af reglum. Þess vegna var eitt af því fyrsta sem ég gerði eftir að ég flutti hingað að kynna mér íslenska vinnulöggjöf og sótti upplýsingar til AFLs. Síðar hef ég nýtt mér íbúðir og menntastyrki. Á þessu ári hef ég til dæmis verið í íslenskunámi. Ég dreif mig loks í það. Ég ætlaði fyrst að vera hér bara í hálf tveimur árum en staðan er sú að mér líður vel hér og meðan svo er þá verð ég um kyrrt. Ég hugsa meira að segja að ég myndi leita mér að annarri vinnu hérlandis ef ég kynni ekki lengur við mig hér. Svo er staðan sú að ég hef ekki mörg tækifæri til að æfa mig. Hér vinna fáir Íslendingar og útlendingar eru 90% gesta okkar. Síðan hentuðu ekki tímasetningar námsins sem er í boði hérna á Hornafjarðarsvæðinu þannig ég skræði mig í fjarnám úr Reykjavík. Íslenskan er krefjandi, hún er allt öðruvísi en þessi rómönsku mál eins og portúgalskan.

Verkalýðsfélögin í Portúgal eru ekki jafn öflug, þau starfa í afmörkuðum geirum

Fullt nafn:

Sérgio Nunes Pancadas

Aldur: 40 ára

Þjóðerni: Portúgalskur

Uppáhaldsstaður á Íslandi:

Hof í Örfæfum, þar sem ég bý. Ég hef elskað staðinn frá fyrst degi. Jafnvel þótt ég fari til Portúgal í frí þá hugsa ég samt heim í Hof.

Hvað finnst þér um íslenskan mat?

Ahh... það jafnast ekkert á við þann portúgalska. Ég myndi lýsa íslenska matnum sem matargerð fólksins sem þarf að komast af. Þið hafið náð að hámarka bragðið á einfaldan hátt, án þess að hafa aðgang að mörgum þeirra innihaldsefna sem Portúgalir hafa.

en gera ekki almenna kjarasamninga. Ég notaði þau því ekki þar.

Reynsla mín af íslenskum vinnuarkaði og vinnuveitendum er góð. Þegar við bentum yfirmönnum okkar á að eitthvað væri ekki rétt reiknað þá var það leiðrétt strax. Ég legg mig fram um að útskýra reglurnar fyrir fólkinu sem vinnur með mér og hvet það til að hafa samband við AFL ef það er með frekari spurningar. Ég legg áherslu á gagnsæi og menningin innan fyrirtækisins er að gera rétt.

Það sem ég myndi kannski helst vilja breyta er að verkalýðsfélögin tækju meira tillit til hlunninda sem starfsfólk nýtur sem ekki eru í kjarasamningum. Það er mikil búbot ef starfsmaður er í fríu húsnæði og fæði, jafnvel þegar hann er ekki í vinnunni. Ég skil að verkalýðsfélögin vilji hafa allt klippt og skorið eftir bókinni en stundum þarf að taka hvert atvik fyrir sig og það skiptir mestu að starfsmaðurinn sé ánægður.“



„Finn að komið er öðruvísi fram við innflytjendur í vinnunni“



Frá Mílanó

Iride Pietra hefur verið með annan fótinn á Íslandi undanfarinn áratug en á milli vinnutarna fer hún til heimalandsins, Ítalíu, í frí. Þar starfaði hún sem endurskoðandi og rak eigin pastagerð áður en hún hélt til Íslands. .

„Ég er lærður endurskoðandi, var eins og margt annað fólk alin upp við að læra og finna mér vinnu sem skaffaði tekjur frekar en gera það sem væri skemmtilegt. Ég þoldi ekki endurskoðandastarfið og opnaði að lokum eigin matarframleiðslu þar sem við

unnum pasta úr lífrænu hráefni og fleiri bökunarvörur. Ég rak hana í nokkur ár þar til ég og þáverandi kærastan mín ákváðum að hætta og flytja til Íslands.

Þegar maður er orðinn þreyttur á lífinu á einum stað horfir maður í kringum sig eftir einhverjum stað sem er allt öðruvísi. Við sáum Norðurlöndin sem siðmenntaðra svæði heldur en Ítalíu, að þar væru lögin virt.

Við vorum líka með Svíþjóð í huga en vinur vinar míns var þá að vinna í Reykjavík og lét vel af staðnum þannig við hugsuðum: Hví ekki?“ segir Iride.

Fékk fullan stuðning frá AFLi í erfiðum aðstæðum

En draumsýnin var ekki endilega veruleikinn. „Á Íslandi er ég innflytjandi og ég finn að það er stundum komið öðruvísi fram við okkur, einkum í vinnunni. Ég er samt ekki viss um að það sé öðruvísi en farið er með innflytjendur annars staðar. Atvinnurekendur reyna að borga okkur minna og sumt íslenska samstarfsfólkið væntir þess að þú gerir hlutina sem þú nennir ekki.

Ég lenti í erfiðum málum á sitt hvorum

gistaðnum á Austurlandi. Á þeim fyrri held ég að hafi verið fyrir hendi forsaga um undarleg atvik. Ég var ráðin þangað ásamt karlmanni sem var rekinn nánast strax. Ég aðstoðaði hann með að keyra hann á skrifstofu AFLs. Vinnuveitandinn komst að þessu og gerði mig að óvini sínum. Hann þorði hins vegar ekki að reka mig því verkalyðsfélagið var komið í málin. Starfsmannahópurinn var samheldinn og við komumst saman í gegnum þetta. Eigendurnir hirtu þjóf féð, sem var ekki gott. Á hinum staðnum var eigandinn í eldhúsinu og mórallinn var ekki góður. Þar hætti ég eftir mánuð.

Þjónustan sem ég fékk hjá AFLi í þessi skipti var frábær. Þar hef ég alltaf fundið fyrir fullum stuðningi og að ég standi ekki ein. Framkvæmdastjóri AFLs var tilbúinn að mæta á staðina og ræða við eigendurna ef þess hefði þurft. Þess vegna hef ég alltaf viljað vera félagi í AFLi þótt ég hafi starfað annars staðar.“

Ítölsku stéttafélögin eru ekki jafn öflug, að því Iride best veit. „Ég held að þau hafi breyst mikið síðustu ár. Þar eru þau pólitískari. Við erum með þrjú sem eru áberandi stærst, eitt er fyrir vinstra fólk, annað fyrir miðjufólk og það þriðja fyrir þá sem halla sér til hægri í stjórnmálum. Þeim hefur ekki gengið vel að verja réttindi verkafólks. Síðan eru nokkur minni sem ég held að gangi betur að styðja sitt fólk.“

Auðvelt að fá vinnu á Íslandi

Þrátt fyrir misjafna reynslu af íslenskum vinnumarkaði hefur Iride komið reglulega til Íslands frá því hún kom fyrst árið 2013. Hún hefur á þessum tíma meðal annars unnið á Skagaströnd, Höfn í Hornafirði, Mývatni og nú í Reykjavík.

„Það er lítið atvinnuleysi á Íslandi þannig það á yfirleitt að vera hægt að finna vinnu. Ef þér líkar ekki starfið er oftast hægt að hætta og færa sig annað. Fyrir 48 ára

gamla konu er ekki auðvelt að fá þokkalega launaða vinnu á Ítalíu. Á Ítalíu er meira atvinnuleysi og það gefur vinnuveitendum betri stöðu til að fara verr með starfsfólkið. Það er tilbúið að láta meira yfir sig ganga til að hafa vinnu. Síðan eru alltaf ákveðin störf sem krefjast íslenskukunnáttu en það er eins og annars staðar í heiminum.“

Gott hráefni mikilvægast fyrir pastað

Iride er alinn upp í héraðinu Bergamo þar sem Mílanó er höfuðborgin og þar bjó hún áður en hún kom til Íslands. Hún bjó einnig í tvö ár á Sardiníu. Hún fer reglulega heim til Ítalíu þótt hún komi alltaf aftur til Íslands. „Það er eitthvað undarlegt í loftinu hér sem gerir það að verkum að ég kann vel við Ísland. Maður lagar sig að nýjum aðstæðum og saknar einhvers úr

starfinu. Ég fer til Ítalíu í frí, ekki til að vinna. Ég vil ekki láta borga mér skítalaun í heimaborginni minni. Tvo vetur hef ég alfarið verið á Íslandi. Sá tími getur verið erfiður. Ég hef gítarinn minn með mér og spila á hann, fyrir sjálfan mig. Ég hef samið eigin lög en þau eru fyrir skúffuna. Upp á síðkastið hef ég unnið mest sem bakari. Ég var í pastagerðinni en bakaði á sínum tíma súrdeigsbrauð og sætabrauð. Ég vann lengi á hótélum og gekk þarf í störf eins og að elda á kvöldmatartíma.“ Ítalir eru þekktir fyrir pastað sitt og því liggur beint við að spyrja Iride hvert sé lyklatríðið á bakvið gott pasta. „Hráefnið, ef það eru góð þá þarf ekki margt annað. Ég er í sambandi við bónda á Sardiníu sem ræktar og vinnur eigið hveiti sem ég fæ hann til að senda mér. Það er lífrænt og ég veit hvaðan það kemur.“



Fullt nafn:

Iride Pietra

Aldur: 48 ára

Þjóðerni: Ítölsk

Hvað finnst þér um íslenskan mat?

Ég sakna mikið grænmetisins, úrvalið hér er ekki mikið þótt það hafi batnað með tilkomu fyrirtækja eins og Austurlands Food Coop. Á Mývatni bakaði ég hverabrauð, sem mér fannst frábært.

Hvað finnst þér um íslenska veðrið?

Það er ögrandi, einkum á veturna. Vindurinn getur orðið snarbrjáláður.

Uppáhaldsstaðurinn á Íslandi?

Ég held það sé Reykjavík. Hún er borg en engin Róm sem er yfirþyrmandi.

Hráefnið skiptir mestu máli í góðu pasta.

Launaþjófnaður er ljótur

Þeir sem oftast verða fyrir barðinu á launaþjófnaði hér á landi eru erlendir starfsmenn sem koma til tímabundinna starfa. Með orðinu „launaþjófnaður“ er átt við þegar launagreiðandi hlunnfer starfsfólk vísitandi um laun og önnur réttindi.

Á seinni árum er orðið minna um að rangir launataxtar séu notaðir enda tengslanet fólks orðið það öflugt á samfélagsmiðlum að það er erfitt. Fólk er þá að bera tímakaup sitt saman og kemst að því að það er á of lágum launum.


Það er algengara að tímaskráningu sé ábótavant og fólk sé á tví- eða jafnvel margskiptum vöktum og þannig bundið við vinnustað allan daginn og langt fram á kvöld en aðeins á launum hluta dagsins. Einnig að vaktalög séu notuð í stað yfirvinnuálags og öll vinna – sama hversu óskipulögð hún er – flokkuð sem vaktavinna.

Þá reyna sumir launagreiðendur að blekkja fólk og telja því trú um að orlof sé innifalið í tímakaupinu og reyna einnig að koma sér undan því að greiða réttar orlofs- og desemberuppbætur. Sumir launagreiðendur virðast ekki átta sig á því að skaffi þeir starfsmanni húsnæði – þá gilda húsaleigulög um húsnæðið og því er ekki hægt að vísa fólki tafarlaust úr húsnæði þó svo að viðkomandi sé sagt upp störfum.

Það getur verið

skammvinn ánægja fyrir óprúttinn launagreiðanda að hlunnfara starfsfólk því oftast en ekki leitar starfsfólkið til okkar með launaseðla og tímaskýrslur og eru þá rétt laun reiknuð á þeim grundvelli. Félagið gengur síðan í innheimtu þess sem uppá vantar. Það er orðið algengara

að launagreiðendur ganga frá málum án frekari eftirmála en að öðrum kosti er farið í innheimtumál og hefur AFL unnið 100% þeirra innheimtumála sem félagið hefur farið í síðustu 15 ár, rösk. Lendir þá launagreiðandinn í að greiða full laun samkvæmt kröfu félagsins, dráttarvexti og málskostnað beggja aðila. Dæmi eru um að slík mál hafa orðið fyrirtækjum að fjörtjóni og þau farið í gjaldþrot í kjölfarið. Enginn hefur ánægju af slíkum málalokum og leggur félagið því talsvert á sig við að reyna að ná sáttum og fullnægjandi niðurstöðu áður en farið er í svo harkalegar aðgerðir.



Misjafn sauður í mörgu fé

Á hverju ári koma hátt í tvö þúsund erlendir launamenn til að vinna í ferðamennsku, byggingariðnaði og öðrum atvinnugreinum á félagssvæði AFLs. Þessir starfsmenn vinna hjá um 500 launagreiðendum og almennt standa launagreiðendur sig vel í að taka á móti nýju starfsfólki frá öðrum menningarheimum.

Vísitandi svindl og launaþjófnaður er ekki einhver almenn regla heldur sem betur fer undantekning. Þótt ótal mál komi upp sem félagið hefur afskipti af þá er ekki um vísitandi launaþjófnað að ræða í mörgum


tilvikum. Það er hins vegar hvítleitt hversu margir launagreiðendur virðast standa í þeirri meiningu að vaktavinna nái yfir allan breytilegan vinnutíma. Það er því rétt að vekja athygli enn og aftur á því að heimilt er að greiða vaktalög í stað yfirvinnu fyrir vinnu utan dagvinnutíma ef vaktir eru skipulagðar, kynntar með hæfilegum fyrirvara og hafa fast upphaf og fastan endi. Allt annað er yfirvinna.

Þeir launagreiðendur á félagssvæði AFLs sem ítrekað hafa verið staðnir að launaþjófnaði og illri meðferð á

erlendu launaafli er fái og nánast teljandi á fingrum annarrar handar. Í tilfelli þeirra er um að ræða vísitandi og skipulagða aðför að kjörum launafólks og hreinan þjófnað á launum starfsmanna.

Þessir aðilar eru oft jafnóheiðarlegir á öðrum sviðum einnig og merkilegt að sjá hversu eftirlitsstofnanir og opinberar stofnanir eru afskiptalitrar af rekstri sem ekki virðist standast neinar kröfur og svindla á öllu sem hægt er að svindla á – hvort heldur það eru laun starfsmanna, opinber gjöld eða aðbúnaður og öryggi.

Þróun félagsmanna AFLs



Nína Helgadóttir

„Verðum að móta okkur stefnu um hvernig við tökum á móti fólki“



Hlutfall innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði hefur hækkað hratt undanfarin átta ár og útlit er fyrir að svo haldi áfram. Teymisstjóri hjá Rauða krossinum segir að íslenskt samfélag hafi of lengi látið undir höfuð leggjast að móta sér stefnu um hvernig tekið sé á móti fólki sem komi hingað til vinnu þannig að hæfileikar þess nýtist sem best. Aðgengi að íslenskukennslu er lykill að samfélaginu.

„Það hefur ekki verið til staðar langtíma stefna stjórnvalda um hvernig við tökum á móti innflytjendum almennt og þá einnig flóttafólki. Það hefur frekar verið eins og við vonumst bara til að þetta reddist,“ segir Nína Helgadóttir, teymisstjóri í móttöku

flóttafólks hjá Rauða krossi Íslands.

Hlutfall fólks með erlent ríkisfang hérlendis hefur hækkað hratt síðustu ár samkvæmt tölum Hagstofunnar. Fram á miðjan tíunda áratuginn var hlutfallið nokkuð stöðugt rétt undir 2% en fór hækka og var komið yfir 7% þegar fjármálahrunið varð haustið 2008. Það lækkaði aðeins í kjölfarið en óx aftur og hefur farið úr 7% árið 2014 í 15,1 í byrjun þessa árs. Breytingarnar eru enn stærrri ef horft er til höfðatölu, úr tæplega 21.000 manns árið 2012 í 51.333 í fyrra. Það er fjölgun upp á 144%. Á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um 8%. Sé horft nánar á vinnumarkaðinn þá er fólki með erlent ríkisfang 23% launafólks hjá aldurshópnum 20-59 ára en var 7% fyrir um 15 árum.

Við bætist spá Samtaka atvinnulífsins um að störfum fjölgi á næstu þremur árum um 15 þúsund. Miðað við innlenda fólksfjölgun þarf að flytja inn 12 þúsund starfsmenn á þessum tíma. Nína bendir einnig á að ástandið í heiminum sé þannig að fólki sækist eftir að komast til Íslands.

„Atvinnulífið kallar eftir fleira fólki en það er líka fleira fólki sem vill koma hingað í skjól, meðal annars vegna aðstæðna í Evrópu. Á þessu ári hefur metfjöldi sótt um alþjóðlega vernd, þrisvar sinnum fleiri en þegar mest var árið 2016. Flóttafólk er þó aðeins lítið brot af heildarfjölda innflytjenda, er yfirleitt í viðkvæmstu stöðunni og þarf sérstakan stuðning.

Fjölgun íbúa með erlendan bakgrunn almennt er tiltölulega ný fyrir íslensku samfélagi og þessi breytta samsetning íbúanna, með öllum þeim áskorunum sem því fylgir, hefur því miður ekki notið nægrrar athygli fram til þessa. Þessi fjölgun aðfluttra hefur orðið mun fyrr í löndunum í kringum okkur. Við hefðum getað lært fyrr af þeim hvað þau gera vel auk þess sem við höfum enga ástæðu fyrir að endurtaka þeirra mistök.“

„Það hefur ekki verið til staðar langtíma stefna stjórnvalda um hvernig við tökum á móti innflytjendum almennt og þá einnig flóttafólki.“

Hvað þýða hugtökin?

Nína segir Íslendinga ekki hafa komið sér saman um atriði eins og hvað grunnhugtök um innkomu fólks í nýtt samfélag þýða. „Það er bagalegt að við höfum ekki kerfin til að gera þetta nægilega vel og

það fyrsta sem þarf að gera er að koma á sameiginlegum skilningi. Hvað þýða hugtök eins og „integration“ eða „inclusion“ á íslensku og hvað fela þau í sér? Annars staðar er hætt að tala um aðlögun, hvað þá samlögun, en hér er enn verið að því, því við vitum ekki hvaða hugtök á að nota.

Það hefur verið til framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda en bæði er hún vanfjármögnuð auk þess sem það vantar langtímastefnu. Nú hefur loks verið skipaður stýrihópur um móttöku heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks hér á landi á vegum félagsmálaráðuneytisins og ég er bjartsýn á að marki ákveðin tímamót.“

Ótal hindranir sem mæta fólki

Nína segir Íslendinga verða að ákveða til hvers þeir ætlist af því fólki sem kemur til landsins þannig að bæði þeim líði sem best en líka þannig að samfélagið nýti krafta þeirra og reynslu á sem bestan hátt.

„Þótt breytingin hafi verið hröð á stuttum tíma hefur tíminn samt verið það langur að við ættum að vera komin lengra í okkar móttöku. Ótal hindranir mæta fólki sem ætlar að koma og vera hér, í fyrsta lagi að komast inn í landið, í öðru lagi að fá menntun sína eða færni metna. Alltof margt vel menntað fólki fer í störf sem krefjast ekki sérstakrar færni og eru illa launuð. Afleiðingin er sú að við gefum þeim ekki tækifæri til að halda áfram með líf sitt eða nýta sína sérkunnáttu. Um leið missir samfélagið líka af ótrúlegum mannauði. Ég held að það séu að verða viðhorfsbreytingar hér nú, ekki síst vegna þess fjölda sem flýr heimkynni sín innan Evrópu.

Það er ríkt í okkur að það fólki sem hingað kemur eigi að laga sig að okkar siðum. Málið er hins vegar að þau eru valdaminni í samfélaginu en þeir sem hér hafa búið og raddir þeirra ekki háværar.

Þess vegna er ekki hægt að leggja ábyrgðina eingöngu á þau um hvernig til tekst.

Flóttafólk á til dæmis erfitt með að komast í nám hérlendis. Því mæta alls konar girðingar. Það þarf ákveðna kunnáttu í íslensku en ef þú ert endalaust að vinna til að hafa í þig og á þá er erfitt að finna tíma í það. Það vantar stuðning og námskeið eða brúarnám sem tekur á móti fólki sem hingað kemur. Einhverjar námsleiðir eru til en það þarf meira til og gera þær aðgengilegri.“

„Flóttafólk á til dæmis erfitt með að komast í nám hérlendis.“

Sækja í öruggt skjól

Í miðjum íslenska vetrinum og svartnættinu kann að vera undarlegt að fólki vilji af fúsum og frjálsum frekar búa hér en á hlýrri og bjartari slóðum. Nína telur ástæðurnar fyrir að fólki í lengist misjafnar en þar sem hún þekkir best til, meðal flóttafólks, er það öryggið sem vegur þungst.

„Flóttafólk sækir að mínu viti fyrst og fremst í öruggt skjól. Það eru ekki mörg pláss í boði fyrir kvótaflóttafólk þannig að ef boðið kemur þá er það þegið, jafnvel þótt fólki eigi ættingja annars staðar eða grunn í tungumáli á stað sem gerði þeim auðveldara að setjast að. Það hefur kvíast út að Ísland er eitt öruggasta land í heimi.

Síðan kemur fólki til að vinna og bæta sín kjör, rétt eins og Íslendingar sem fóru til Noregs eftir hrun, eða í öruggari og mögulega betri vinnu. Margir sem flytja sig svona um set eru að hugsa um börnin sín.

Hlutfall fólks með erlent ríkisfang á Íslandi

1950	1,9%
1980	1,4%
1996	1,9%
2000	2,6%
2009	7,6%
2012	6,6%
2014	7,0%
2016	8,0%
2018	10,9%
2019	12,4%
2020	13,5%
2021	13,9%

(Heimild: Hagstofa Íslands)

Fyrsta kynslóðin sem flytur er oft að fórna miklu. Það er erfitt að setjast að í nýju landi, læra tungumálið og komast inn í samfélagið og ekki víst að þau fái vinnu við það sem þau hafa menntað sig til. Þess vegna eigum við að gera okkar besta til að auðvelda þessa flutninga.“

Allir þyrftu að læra málið

Nínu er tíðrætt um stöðu íslenskukennslu því eftir allt er tungumálið lykillinn að samfélaginu. „Fyrir nokkrum árum voru gerðar kannanir meðal innflytjenda og þar var spurt hvort þeir hefðu ætlað sér að setjast að. Þá svöruðu flestir að þeir hefðu bara ætlað að vera í stuttan tíma en síðan í lengst. Ef þú ætlar bara að vera stutt þá ferðu kannski ekki inn í samfélagið, vinnur kannski í smá tíma, ferð síðan úr landi aftur, ert mögulega að bíða eftir fjölskyldunni, kemur síðan aftur og sest þá að. Þá er hætt við að fólk hafi misst af vagninum til að læra íslensku. Þess vegna verður að hvetja alla sem hingað koma, hversu stutt sem þeir hyggjast dvelja, til að læra málið.“

Enn stærra atriði er að það sé almennileg íslenskukennsla í boði. Við höfum til dæmis séð að símenntastöðvar úti á landi geta ekki alltaf boðið upp á íslenskunámskeið við hæfi því of fáir mæta og þá fæst ekki opinberi styrkurinn sem þarf til að borga námskeiðið. Það verður að vera aðgengi að meira en bara algjörum grunnskólunum, sama hvort þú býrð á vestur á fjörðum eða við hliðina á Mími í Árbænum.

Á móti þarf að gera kröfu að fólk sæki námið. Ég myndi líka vilja sjá að fólk hefði tækifæri til að læra íslensku á vinnutíma.“

Önnur kynslóðin líka í brasi

Íslenskukennslan skiptir ekki bara máli fyrir það fólk sem nýflutt er til landsins.

„Við höfum haldið að aðlögun annarrar kynslóðar innflytjenda gangi greiðar fyrir sig en hún gerir í raun. Við höfum nýlegar rannsóknir sem sýna að orðaforði barna

„Margir sem flytja sig svona um set eru að hugsa um börnin sín. Fyrsta kynslóðin sem flytur er oft að fórna miklu.“

innflytjenda á leikskólum er mun minni en þeirra sem eiga íslenska foreldra. Þeim gengur þokkalega í gegnum grunnskólann en málið vandast þegar kemur upp í framhaldsskólana. Þau hafa ekki nægan orðaforða í það nám. Birtingarmynd þessa sjáum við í mun hærra brottfalli barna af erlendum uppruna úr framhaldsnámi. Á fyrri skólastigum hafa þau minna bakland til að læra málið.“

Erfiðleikarnir eru líka í tómskólum. „Við þurfum að ná samstöðu um hvað „inclusion“ þýðir og hvernig það er samþætt í öll lög samfélagsins. Við höfum rannsóknir um að börn af erlendum uppruna taki síður þátt í íþróttum eða öðrum tómskólum. Það kann að vera vegna þess að foreldrarnir vinna meira og frekar er ætlast til að þau hjálpi til innan heimilisins eða að aðgengið er þeim ekki eins auðvelt og íslenskum jafnöldrum þeirra.“

Íþróttahreyfingin hefur verið dálítið sein að taka við sér til að ná þessum krökkum

inn í starfið. Það þarf að vera hluti af því, ekki bara átaksverkefni. Það er ekki alltaf passað upp á að foreldrar skilji tölvupóstinn um mótið um næstu helgi, að þau séu með í fjárflyflunum, komi inn í foreldrastarfið eða annað sem fylgir því að eiga barn í íþróttum.“

Umsóknirnar jafnvel ekki skoðaðar

Í löndunum í kringum okkur hefur kergja og pírtingur meðal annarrar kynslóðar jafnvel átt það til að brjótast út í formi ofbeldis og átaka. Þar hefur verið bent á fólk með erlend nöfn eigi mun minni möguleika á atvinnu. „Við höfum heyrt frá fólki sem segir að umsóknirnar séu ekki skoðaðar ef nafnið er erlent. Ég held hins vegar að þarna sé allur skalinn hjá vinnuveitendum. Staðreyndin er hins vegar sú að ef fólk er stöðugt ýtt út á jaðarinn verður til óánægja og pírtingur,“ segir Nína aðspurð um hvernig þessum málum sé hér farið.

Hún telur íslenska vinnuveitendur einnig næstum jafn ólíka og þeir eru margir í framkomu við erlent starfsfólk. „Sumir sinna því mjög vel og bera hag þess fyrir brjósti meðan aðrir svífast einskis til að misnota fólk sem ekki þekkir sín réttindi og er nýkomið til landsins. Vinnusambandið getur verið sérstaklega erfitt ef fólk er í

„Það verður hvetja alla sem hingað koma, hversu stutt sem þeir hyggjast dvelja, til að læra málið.“



Rauði krossinn hefur staðið fyrir íslenskukennslu fyrir flóttafólk í gegnum verkefnið „Tölum saman.“ Hér sitja þau Sólveig Halldórsdóttir og Peter Mukasa Wasswa og tala saman. Mynd: Rauði krossinn

húsnæði á vegum vinnuveitenda eða kemur til landsins á atvinnuleyfi sem er bundið honum. Það fólk treystir sér illa til að kvarta undan aðstæðum þótt fullt tilefni sé til.

Það gildir hið sama fyrir vinnuveitendur með erlent starfsfólk sem íslenskt, það þarf að gera því grein fyrir ábyrgð sinni og skyldum. Almenn tættum við vera hjálplegri við fólk af erlendum uppruna. Það hefur annan bakgrunn, kann ekki enn inn á samfélagið eða vinnumenninguna.“

Þekkingu ekki styrk verkalýðsfélaga

Aðspurð um muninn á vinnumenningunni svarar Nína að heilt yfir muni líklega mestu um hversu sterk íslensku verkalýðsfélagin séu. „Fyrir marga er ný reynsla að tilheyra verkalýðsfélagi. Fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir hvers þau eru megnug eða þekkir ábatann af því að tilheyra þeim.“

Það kann meðal annars að vera því í

„Við höfum heyrt frá fólki sem segir að umsóknirnar séu ekki skoðaðar ef nafnið er erlent.“

sumum löndum hafa verkalýðsfélög verið of tengd stjórnvöldum. „Það á við sérstaklega í tilviki flóttafólks. Það flýr því yfirvöld hafa brotið eða niðst á því. Þá á ég við lögreglu, stjórnvöld, herinn og annað í kerfinu. Það er því tortryggið út í hvers konar yfirvald og lítur mögulega á verkalýðsfélag sem anga kerfis sem er því ekki hliðhollt. Þess vegna þarf að fræða fólk þannig það þekki sín réttindi.“

Nichole Leigh Mosty



„Ísland er efnahagsskrímli“

Mynd: Alþingi

Bæði starfsfólk og atvinnuleitendur leita ráða hjá Fjölmenningssetri til að skilja gagnkvæm réttindi og skyldur á íslenskum atvinnumarkaði. Nichole Leigh Mosty, framkvæmdastjóri setursins, hefur ágætan skilning á aðstæðum hafandi komið til landsins sem innflytjandi sem fékk iðnmenntun sína ekki metna og byrjaði upp á nýtt.

„Við veitum ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Atvinnurekendur leita til okkar, einkum þegar þeir vilja starfsfólk frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins (EES/ESB) því það er flókið en við fáum líka til okkar innflytjendur sem spyrja um réttindi sín, einkum eftir á þeim hefur verið brotið,“ segir Nichole.

Hún situr vestur á Ísafirði, þar sem aðalskrifstofa Fjölmenningsaseturs er, en er einnig mikið syðra. „Við gerðum í fyrria leiðbeiningar með Fræðslusetri ferðamála um ráðningar erlends starfsfólks. Við unnum þær með bæði atvinnurekendur og starfsfólk í huga. Þar er fjallað um bæði réttindi og skyldur því það eru skyldur báðu megin borðsins við ráðningu erlends starfsfólks.“

Leyfismálin torskilin

Margvísleg mál koma inn á borð setursins sem tengjast erlendu starfsfólki og stöðu þess á íslenskum vinnumarkaði. „Varðandi borgara frá EES löndum þá snúa flest mál að því þegar þeir flytja frá landinu. Fyrirtæki virðast ekki dugleg að upplýsa hvað gera þurfi við lok starfsferils þannig að

„Fyrirtæki virðast ekki dugleg að upplýsa hvað gera þurfi við lok starfsferils.“

þeir ganga ekki frá sínum orlofsrétti eða allt í einu dúkkar upp bréf frá skattinum.

Við erum líka beðin um aðstoð við að komast inn á vinnumarkaðinn, til dæmis hvar hægt sé að leita að vinnu eða hvernig eigi að gera ferilskrá. Það er allur gangur á því hvort fólk flytji hingað því það er búið að ráða sig eða hvort það kemur fyrst til að geta leitað. Sum spyrja okkur jafnvel hvort hægt sé að vinna hjá okkur. Við höfum líka dæmi um fólk sem kemur fyrst hingað í nám og vill síðan fara að vinna. Eins kemur það fyrir að fólk sem kemur sem ferðafólk vill vera áfram. Við getum líka nefnt fólk sem flytur hingað með maka sínum og vill vita hvort atvinnuleyfi fylgi dvalarleyfi.

Fólk utan EES þarf atvinnuleyfi og við erum spurð hvað þurfi til að fá það meðan evrópskir ríkisborgarar þurfa kennitölu. Fólk áttar sig ekki alltaf á að það er ekki nóg að vilja vinna og vera fær heldur gilda hér útlendingalög sem stýra æði miklu. Fólk skilur ekki alltaf leyfismálin.

Við gegnum líka stóru hlutverki við móttöku flóttafólks, eins og úkraínska hópsins sem kom austur í Eiða nýverið. Þótt sá hópur fái mjög góða þjónustu hjá sérstakri deild innan Vinnuálastofnunar þá koma líka spurningar til okkar.

Helstu kvartanir sem við fáum frá fólki sem vill koma vinna hér er um umsóknarferlið. Að þau fái engin svör til baka við umsókn eða viðtöl. Þetta reynir á.

Purfa að geta lært íslenska fagmálið

Líkt og fleiri bendir Nichole á að miklu máli skipti fyrir innflytjendur að tækifæri til að láta drauma sína rætast með að fá starf sem nýtir þeirra menntun eða reynslu. Það reynist hins vegar oft snúið, meðal annars út af tungumálakröfum.

„Við sjáum töluvert um að fólk fer út og inn af vinnumarkaðinum. Það nýtir sér þjónustu til að fá vinnu en hefur færni á öðru sviði. Oft byrjar fólk að vinna á leikskóla eða í ferðapjónustu til að afla sér tekna og læra íslensku en vill síðan fá fyrria nám eða starfsreynslu metið.“

Íslenskukennsla er lyklatríði. Það hægt að benda á að ríkið eigi að sinna henni en vinnumarkaðurinn þarf að sýna meiri stuðning og svigrúm þannig fólk geti sótt íslenskukennslu. Síðan þarf að tryggja gæði kennslunnar. Fólk getur komist inn í samfélagið en fær ekki orðin til að starfa á sínu sérsviði.“

Nichole nefnir að í Kanada sé reynt að stefna saman fólki með svipaða menntun eða þekkingu á námskeið þar sem það geti lært tungutak sem nýtist þeirra starfi. Nánar aðspurð um þau kerfi sem lönd nýta

„Fólk áttar sig ekki alltaf á að það er ekki nóg að vilja vinna og vera fær heldur gilda hér útlendingalög sem stýra æði miklu.“

svarar Nichole að ekkert land sé með hina fullkomnu aðferð og hvergi sé sérstaklega auðvelt fyrir innflytjendur að komast inn á vinnumarkað, þótt gagnkvæmir samningar Evrópuríkja liði fyrir. „Það eru alls staðar lög sem vernda vinnumarkaðinn.“

Þá bendir hún á að þetta snúist ekki bara um tungumálið heldur þurfi í ákveðnum starfsstéttum að þekkja lög og siði viðkomandi lands. „Ef þú ætlar til dæmis að starfa sem félagsráðgjafi þarftu líka að þekkja lagaumhverfið. Það er kennt í náminu hér. Við þurfum að huga að því hvernig við tryggjum að fólk fái þá viðbótarmenntun sem þarf til að geta nýtt þekkingu sína í nýjum aðstæðum.“

Ef við nefnum Kanada aftur þá er búið að skilgreina þekkingu sem landið sækist eftir og þar með opnaðar leiðir inn í ákveðnar starfsstéttir sem fólk vantar í. Ísland gæti skilgreint betur hvar þekkinguna vantar og tryggt skilvirkari leið fyrir erlent fólk með menntun inn í þá geira. Okkur vantar til dæmis kennara og hingað flytur fólk með kennaramenntun. Er ekki nær að við gerum eitthvað þannig það fái viðbótarmenntun til að geta farið að kenna, frekar en það byrji að vinna á leikskóla til að ná í málið og þurfi síðan að byrja nám sitt aftur frá grunni til að fá réttindin?“

Gráðan reyndist ónýtt á Íslandi

Þetta þekkir Nichole sjálf á eigin skinni. Hún er fædd í Bandaríkjunum og lauk þaðan prófi í matreiðslu en fluttist hingað með íslenskum eiginmanni aldamótaárið 2000. „Hann kom heim til að klára námið sitt og við ætluðum ekki að dvelja lengi. Ég átti mér samt minn draum. Ég hafði tengst fólki sem átti veitingastað og verið hvött til að koma og prófa að vinna. Þegar ég sýndi eigandanum prófskrarteinið mitt sagði hann mér að gráðan hefði enga þýðingu hérlandis. Hann var tilbúinn að ráða mig



Erlent starfsfólk fær ekki alltaf svör við umsóknum sínum um vinnu á Íslandi.

á nemalaunum en ég yrði að fara í íslenskt matreiðslunám til að fá réttindi. Ég hefði skilið að það þyrfti að sitja námskeið til að skilja öryggismál eða læra málið en mér datt ekki til hugar að fara aftur í skóla til að læra að verða kokkur.

Ræstingavinna var það sem mér stóð til boða. Með aðstoð tókst mér að fá líka 50% starf á leikskóla. Þetta gerði ég til að hafa þak yfir höfuðið en sá ekki fyrir mér að gera þetta til lengri tíma. Í skólanum heyrði ég íslensku starfsmennina tala saman um nám um leikskólafræði. Ég fór að spyrjast fyrir og fékk þau svör að það væri ekki fyrir mig en lét ekki segjast, sótti um, fékk inni og kláraði námið. Eftir því sem ég náði meiri tökum á íslenska fagmálinu þá fékk ég framgang í starfi. Það var kannski ekki alslæmt að verða kennari en það eru ekki

allir tilbúnir að fara önnur fimm ár í nám til að komast inn á vinnumarkaðinn.“

Kemst inn í samfélagið í gegnum atvinnuna

Nichole segir mikilvægt fyrir fólk að ná að komast inn í samfélagið í gegnum atvinnulífið, það sé gangverkið. Hún notar orðið „efnahagsskrímsli“ til að undirstrika bæði mikilvægi atvinnulífsins í landinu en líka hversu liðugt það sé. „Við erum svo fljót að ná okkur upp úr erfiðleikum. Við getum verið með allt niður um okkur í kreppu og atvinnuleysi en verið komin niður í 2% atvinnuleysi á um ári. Ég er búin að sjá þetta þrisvar síðan ég flutti hingað. Í Bandaríkjunum tekur 10 ár að komast aftur á rétt ról.“

Það er mikilvægt fyrir þann sem flytur að geta nýtt sér vinnumarkaðinn til að verða gildur samfélagsþegn. Öll mín tengsl við Ísland komu í gegnum vinnuna. Við erum mjög atvinnudrifin og því skiptir máli að reynslan sé jákvæð.

Það er dýrt að lifa hér og innflytjendur lenda yfirleitt í lægsta launaprepinu. Ég skúraði á þremur stöðum og var komin upp í 100% vinnu á leikskóla með námi til að vinna mig upp úr fátæktinni. Við viljum vera fjölskylduvænt samfélag en þótt innflytjendur séu mjög útsjónarsamir við að láta enda ná saman þá þurfa þeir oft að vinna mikið og það gengur ekki endalast ef við viljum að fólk geti notið þeirra lífsgæða sem Ísland býður. Fólk er tilbúið að láta sig hafa þetta fyrst eftir það flytur en svo þarf að aðstoða það til að komast áfram. Við erum með menntakerfi til að hjálpa unga fólkinu okkar til að komast áfram.“

Þekkjum öll Kidda frá Rauðará

Í vinnuþingunni er líka ýmislegt sem innflytjendur þurfa að læra. „Það er misjafnt eftir atvinnugreinum en sumt kemur oftar upp en annað. Ég heyri oft kvartað undan skorti á upplýsingum og gangsæi. Ísland er lítið land og við þekkjum öll Kidda Gulla frá Rauðará en ekki þau sem koma utan frá. Fólk fattar oft ekki að við kunnum ekki forsöguna. Síðan eru andrúmsloftið og reglurnar oft afslappaðri. Í Austur-Evrópu eru oft mjög stífar reglur um hvernig eigi að gera hlutina, stimpla sig inn með hægri hönd og út með vinstri. Í Bandaríkjunum eru refsingar, ef ég brýt af mér þá óttast ég að verða refsað. Við komum því öll með okkar vinnuþingingu og þurfum aðlögunartíma.“

Og síðan er það þetta reddast ...!“

Stefán Þór Hauksson



Mikið spurt um U2

Talsvert er um að innflytjendur, sem einhverra hluta vegna missa atvinnu sína hérlendis, leyti í íslenskunámskeið því þeir vilja efla færni sína og vinna áfram á landinu. Svæðisstjóri Vinnumálastofnunar á Austurlandi segir gott að eiga öflug verkalyðsfélög að.

„Af því farandfólki sem kemur hingað til lands virðast fleiri og fleiri vilja setjast að. Til okkar kemur fólk oft til að spyrjast

fyrir um réttindi sín eftir uppsögn eða atvinnumissi. Útlendingar koma frekar til okkar meðan Íslendingarnir hringja. Margir eru óöruggir í nýju landi og finnst betra að tala við fólk til að fá hlutina nánar útskýrða. Það er oft spurt mjög vítt og í mörgum tilfellum eiga erindin jafnvel frekar heima hjá stéttarfélagunum,“ segir Stefán Þór Hauksson, svæðisstjóri Vinnumálastofnunar á Austurlandi.

„Margt af því sem fólk sem sækir til okkar kemur vegna vandamála með réttindi. Það verður því mjög ánægt þegar það heyrir að hægt er að leita til AFLs með aðstoð. Það er léttir að þurfa ekki að berjast í gegnum allt sjálfur og ég heyri mikla ánægju með þjónustu AFLs. Fyrir okkur

væri betra ef fólk væri meðvitaðra um rétt sinn og stéttarfélögin áður en það kemur til okkar,“ bætir hann við.“

Réttindi við atvinnumissi

En Vinnumálastofnun aðstoðar líka í vissum tilfellum, svo sem við að fylla út eyðublað sem kallast U2 og veitir réttindi til að fara úr landi í atvinnuleit án þess að missa þann rétt til atvinnuleysisbóta sem fólk hefur sannarlega unnið sér inn hérlendis. Þetta á við um íbúa Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. „Það er mikið spurt um U2, sem veitir heimild til að atvinnuleitar innan Evrópusambandsins í allt að þrjá mánuði. Ef umsókn er samþykkt er hægt að fara í annað land og fá þá þjónustu vinnumálastofnunar þar. Flestir nýta sér þetta úrræði frekar en fara beint úr landi án þess að tilkynna það. Ef fólk kys að snúa aftur innan þriggja mánaða þá fer það aftur inn á skrá hjá okkur eins og ekkert hafi í skorist.“

Vinnumálastofnun styður líka við íslenskunám fólks í atvinnuleit. „Við borgum fyrir tvö námskeið á ári, sitt hvora önnina. Við sendum fólk þangað en áhugi farandverkafólksins sjálfs er alltaf að aukast. Það vill komast í betri stöðu. Við sendum líka fólk á fleiri námskeið, svo sem virkinnámskeið til að halda því í virkni á meðan það leitar að atvinnu.“ Hann segir austfirski vinnuveitendur almennt taka vel á móti erlendu starfsfólki, enda vanti almennt fólk til vinnu á svæðinu. „Atvinnurekendur hér eru vanir að vera með erlent starfsfólk í vinnu og við verðum ekki vör við neina fordóma. Síðan í vor hefur verið mjög lítið atvinnuleysi á svæðinu og krefjandi að miðla fólki í sum störf sem auglýst eru hjá okkur,“ segir Stefán.

„Var oft beðin um að koma aftur með smíð“



Ásdís Helga Jóhannsdóttir úr Neskaupstað er í hópi yngstu stjórnarmanna AFLs Starfsgreinafélags, aðeins 26 ára gömul. Henni fannst vanta trúnaðarmann á hjúkrunardeild Umdæmissjúkrahússins sem varð til þess að

hún dróst inn í starf félagsins og fékk um leið brennandi áhuga á verkalyðsmálum. Áður hafði hún starfað sem smíður þar sem hún þurfti oft að sanna sig í að vera jafn góð og strákarnir gagnvart verkkaupum.

„Ég þurfti stundum að hafa ótrúlega mikið fyrir því að sanna að ég gæti skipt jafnvel um glugga og strákurinn við hliðina á mér. Það kom nokkrum sinnum fyrir að ég var send af fyrirtækinu í einfalt verk til þess eins að vera send aftur til baka af verkkaupnum og vera beðin um að koma aftur með smíð.“

Ég kom samt ekkert endilega aftur með smíð, þess vegna bara strák á sínu fyrsta sumri meðan ég hafði unnið í tvö og hálf t. Það var pirrandi að vera ótrúverðugur smíður því ég var kvenkyns,“ segir Ásdís Helga.

Í unglingslandliðinu í blaki

Ásdís Helga er alin upp í Neskaupstað. Móðir hennar, Ingibjörg Bjarnadóttir, kemur vestan af Ísafirði en faðirinn, Jóhann Geir Arnason er Norðfirðingur, meðal annars þekktur sem trommarinn í SúEllen. „Ég er samt algjör Nobbari,“ segir Ásdís Helga sem kláraði Nesskóla áður en hún skráði sig á íþrótt- og lýðheilsuábraut við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Heima á Norðfirði hafði hún fengið mikinn íþróttagrund og æft bæði sund og blak en Afturelding í Mosfellsbæ er einmitt líka með firnasterkt blaklið þar sem margir þróttarar hafa spilað. „Ég hef mikinn áhuga á eiginlega öllum íþróttum. Ég held að áhuginn hafi kviknað því ég þurfti á hreyfingu að halda en ég hef ótrúlega gaman að sjá hvað fólk getur gert og hef til dæmis setið límd yfir heimsmeistaramótinu í fimleikum að undanförunu. Ég elska líka Ólympíuleikana, það er stórkostlegt hvað fólk er til í að leggja á sig til að ná markmiðum sínum og að sjá fólk úr öllum heimshornum með ólíkan bakgrunn koma saman fordómalaust, því allir eru samankomnir með sama hugarfar og markmið. Svona alvöru íþróttandi finnst mér meiriháttar.“

Einu íþróttirnar sem ég hef ekki áhuga á eru fótbolli og golf. Bróðir minn er mikill

golfari og ég segi honum að hann golf sé ekki annað en göngutúr með smá tvisti. Mér fannst það fyndið – ekki honum.

Ég byrjaði sjálf í sundi sex ára og var í því í tíu ár, þar til ég fór að spila með meistaraflokki í blaki. Ég náði mér samt í réttindi til að þjálfa og dæma sund. Í dag þjálfa ég annan bekk og garpa, það er að segja fullorðna. Þegar við fórum af stað með það var hópurinn mjög breiður, allt frá fólki sem rétt flaut yfir í fólk sem var mjög gott. Síðan hefur hópurinn jafnast með framförum fólks. Við erum samt alltaf að vonast eftir að fá nýtt fólk í hópinn þannig ég er alltaf tilbúinn með tvær æfingar ef það mætir.

„Ein kona gekk framhá mér og sagðist vona að ég væri stolt af mér, það væri jafnvel hægt að kalla mig hryðjuverkamann.“

Ég byrjaði í blakinu tíu ára og spilaði fyrsta meistaraflokksleikinn sextán ára. Skömmu áður hafði ég verið flutt í stöðu frelsingja, ég er ekki nema 1,59 á hæð og átti því ekki mikla möguleika uppi við netið. Um þetta leyti var ég líka valin í U-17 ára landsliðið. Ég hélt áfram í blakinu í Mosfellsbæ og spilaði með Aftureldingu. Ég vann samt aldrei neina titla, varð alltaf í öðru sæti. Þegar Afturelding vann var ég í þrótti og öfugt. Ég hef ákveðið að horfa ekki inn á við í þeim efnunum.

Ég hætti að spila með meistaraflokki þegar ég varð ólétt um tvítugt. Ég hef alveg

reynt að snúa aftur en það passar ekki við allt hitt sem ég er að gera. Ég reyndi að fara aftur af stað eftir að við eignuðumst yngri stelpuna okkar en að æfa á hverjum degi og ferðast svo í leiki er of mikið. Ég æfi með liðinu sem spilar í neðri deildum, tvisvar í viku og þjálfa yngri flokka. Ég útiloka ekki endurkomu þegar stelpurnar eldast. Ég er enn of ung fyrir öldungablakið, til að taka þátt í því þarf maður að vera þrítugur. Ég hef samt boðið mig fram sem fótanuddara eða skópússara til að komast með á Öldungamótið.“

Miklar breytingar hjá smíðafyrirtækjum

Ásdís segist ekki hafa fundið sig til fulls í Mosfellsbæ og snúið heim aftur eftir um eins og hálfis árs fjarveru. Móðir hennar og bróðir voru þá að vinna hjá smíðafyrirtækinu Nestaki og hjálpuðu henni að fá vinnu þar. „Ég held ég hafi staðið mig vel enda var ég þar í töluverðan tíma. Ég fann aldrei fyrir öðru en fullu trausti innan fyrirtækisins þótt ég væri stelpa, strákarnir þar höfðu alltaf tröllatru á mér. Ég er þínu töffari í mér og passaði inn í félagsskapinn og vinnustaðagrínið.“

Ég held að smíðageirinn sé að breytast mjög hratt. Þegar ég byrjaði hjá Nestaki var ég eina stelpa. Fyrir nokkrum árum útskrifuðust margar stelpur af smíðabraut Verkmenntaskólans hérna og nokkrar þeirra fóru að vinna hjá Nestaki þannig að hlutfallið jafnaðist. Vinnutíminn hefur líka breyst. Hann var frá 7-18 á mínum tíma en núna miðast hann við að fólk geti sinnt fjölskyldunni. Kröfurnar eru orðnar þannig að karlsmiðirnir skutli líka á leikskólann eða annað slíkt. Mér finnst geirinn breytast hratt og sýnilega sem er fyrirmyndar. Styttning vinnuvikunnar hefur áhrif en mörg fyrirtæki voru farin að taka skref í þá átt áður.

Ég hætti að smíða þegar ég varð ólétt. Ég er týpan sem þarf alltaf að sanna sig og ef



„Síðan fengum við okkur að borða í bakaríi áður en ég fór í Borgarnes þar sem ég eyddi restinni af brúðkaupsdeginum og nóttinni ásamt 50 konum.“

einhver hefði sagt mér að gera ekki eitthvað því ég væri ólétt þá hefði ég ekki tekið það í mál. Mamma og maðurinn minn, Daníel Smári Hafþórsson, settu mér stólinn fyrir dyrnar. Ég ákvað að hlusta þótt mér þætti það mjög biturt. Eftir á er ég samt mjög glöð með að hafa gert það.“

Brúðkaupið einfaldað vegna ráðstefnu

Ásdís Helga sagði sögur af smíðaferlinum á kvennaráðstefnu sem Alþýðusamband Íslands stóð fyrir í byrjun apríl. „Margar

konur á ráðstefnunni voru með svipaðar sögur eða verri.“

Ráðstefnudagurinn er samt eftirminnilegur fyrir fleira. „Við Daníel vorum búin að ákveða að gifta okkur 7. apríl. Við vorum búin að tala við tengdó og fleiri, ætluðum að hafa smá veislu. Það var samt eitthvað í kollinum á mér um að það væri annað sem ég ætti að gera en var sannfærð um að það væri ekkert sem ég gæti ekki fært til.

Það var einn morguninn í aðdragandanum sem ég var nýbúin að tala við tengdamömmu og staðfesta við

hana að hún kæmi sem Guðrún frá ASÍ hringir og spyr mig hvort ég sé geti ekki flutt lítið erindi þar sem ég sé skráð á Kvennaráðstefnuna. Ég svaraði að það væri lítið mál en spurði til baka hvenær hún væri aftur. „7. apríl“ svarar hún og ég hugsa „ansans“ en svara samt „ég læt það ganga.“ Ég skelli á hana og hringdi svo í manninn minn. Það tóku þessu allir af æðruleysi, eins og það væri ekki af öðru að búast af mér. Ég veit aldrei hvort ég er að koma eða fara. Mér tímði hvorugu að sleppa, fannst ótrúlega gaman að hafa verið beðin um að flytja erindi. Það var helst að tengdamamma væri leið, hún hlakkaði til.

Við hringdum í þá sem ætluðu að koma og afboðuðum. Síðan þurftum við að finna prest og kirkju á höfuðborgarsvæðinu þar sem við gætum gift okkur að morgni 7. apríl. Við hringdum í hverja kirkjuna á fætur annarri þar til presturinn í Hafnarfjarðarkirkju sagði já. Við pökkuðum börnunum í bílinn og brunuðum suður. Athöfnin var í kirkjunni var klukkan átta um morguninn, við vorum þar ásamt dætrum okkar og tveimur svaramönnum. Síðan fengum við okkur að borða í bakaríi áður en ég fór í Borgarnes þar sem ég eyddi restinni af brúðkaupsdeginum og nóttinni ásamt 50 konum. Mér fannst leitt að biðja manninn minn um að falla frá öllu og taka hálf tíma í athöfnina en ég er samt glöð að hafa gert þetta og þakklát honum. Við höfum ekki haldið veisluna enn, hún verður kannski síðar.“

Covid skar á félagslífið

Eftir smíðarnar fór Ásdís Helga að vinna á hjúkrunardeild sjúkrahússins í Neskaupstað. Hún segir að það sé líka skemmtilegt þótt Covid-faraldurinn hafi reynt verulega á þar, líkt og á öðrum heilbrigðisstofnunum.

„Þótt við höfum farið tiltölulega létt í gegnum Covid miðað við margar aðrar heilbrigðisstofnanir þá fundu samt allir



„Ég svaraði að ef ætti að skylda mig á fyrirlestur þá skyldi hann vera á skólatíma og gekk í burtu.“

fyrir álagi. Það er fólk niður að mínum aldri sem er hálfpartinn brunnið út í starfi eftir þennan tíma. Sjálf er ég bara í 30% starfi núna, ég gæti örugglega bætt við mig en ég held ég yrði fljótt þreytt. Bæði er þetta mikil álagsvinna en það hefur líka áhrif að þú ert alltaf í samskiptum við íbúana og aðra sem þú þjónustar þannig þú getur eiginlega aldrei átt slæman dag í vinnunni.

Fyrir mörg okkar er mesta félagslífið á vinnustaðnum en þegar faraldurinn skellur á er deildinni lokað. Við hættem að fara í matsalinn eða hitta annað starfsfólk en það sem við erum með á vakt auk íbúana. Lokunin fer líka í skapið á íbúunum og við verðum þeirra tengslanet. Utan vinnustaðarins var líka áhersla á við okkur að smitast ekki þannig maður valdi

vinnuna yfir það félagslíf sem þó var í boði. Við erum enn í dag að passa okkur og þess vegna varð það mikið áfall þegar hópsmit kom upp á deildinni í sumar. Við starfsfólkið fengum prestinn til að hjálpa okkur við að vinna úr því.

En þótt Covid eigi að vera búin þá er deildin ekkert orðin eins. Vinnustaðurinn og mórallinn á honum hefur breyst.“

Neitaði að vera frameftir til að hlusta á tannlækninn

Það var í gegnum starfið á hjúkrunardeildinni sem Ásdís Helga dróst inn í verkalyðsstarfið fyrir um þremur árum. „Ég fór að tala um að mér þætti óþægilegt að við hefðum engan

trúnaðarmann. Það voru alls konar spurningar að koma upp, til dæmis um vaktaálag og sumarfrísrétt sem enginn gat svarað, nema mögulega yfirmaðurinn. Síðan bárust vaktaskýrslurnar seint þannig við gátum ekkert skipulagt okkur fram í tímann.

Síðan er hringt í mig og spurt hvort ég vildi ekki vera trúnaðarmaður. Ég hafði ekki hugmynd um hvað ég var að fara út í. Ég sótti á trúnaðarmannnámskeið á Breiðdalsvík og þar opnaðist fyrir mér nýr heimur. Við lærðum samningatækni og um algengustu brot. Mér fannst ótrúlegt að fólk þyrfti að berjast fyrir einföldum hlutum. Eftir námskeiðið sökk ég mér



Ásdís Helga að störfum á smíðaverkstæði Nestaks.

enn frekar í þessi mál. Það var verið að vinna í stofnanasamningum milli Heilbrigðisstofnunar Austurlands og AFLs. Þá fundi sat ég sem áheyrnarfulltrúi en gat ekki alltaf setið á mér og fór að rífa kjaft. Fyrir aðalfundinn í fyrra hringdi Hjördís Þóra (Sigurþórsdóttir, formaður AFLs) í mig og spyr hvort hún mætti ekki bjóða mig fram í stjórn. Eftir það hefur boltinn rúllað ótrúlega hratt.“

Ásdís Helga segir að án þess að hún hafi leitt hugann að henni hafi alltaf vakað með henni áhugi á samfélagsmálefnum og réttindabaráttu. „Mér finnst ótrúlega erfitt að vita til þess að verið sé að hamra á litla manninum og enda yfirleitt á að ybba gogg ef ég veit af því. Um daginn var ég að segja pabba að ég væri stolt af sjálfri mér

maðurinn væri komin og löngu búið að láta okkur vita. Ég svaraði að ef ætti að skylda mig á fyrirlestur þá skyldi hann vera á skólatíma og gekk í burtu. Ég á víst fleiri svona dæmi um prinsippmál sem ég ætlaði ekki að gera nema heimanámið yrði minnkað.

Mér finnst galið að senda börnin heim með fulla tösku af námi eftir átta tíma skóladag og heyra þau rök að það eigi að undirbúa börn til þess að vera á vinnumarkaði á sama tíma og við fullorðna fólkið berjumst fyrir styttri vinuviku. Þetta er líka jafnréttismál. Ég hef séð svo mörg dæmi um að foreldrar skilja ekki heimanámið og geta ekki aðstoðað börnin sín. Þetta kemur hvað verst niður á innflytjendum sem að auki hafa ekki endilega tengslanetið til að fá einhvern til að aðstoða, eins ég þegar mamma fékk eldri stelpu til að hjálpa mér við stærðfræðina. Ég viðurkenni því alveg að kvíða því þegar börnin mín fara að koma heim með nám.“

Sökuð um skemmdarverka- starfsemi

Í gegnum starfið hjá AFLi hefur Ásdís Helga haldið áfram inn á landsvettvanginn. Hún situr í stjórn ASÍ-UNG, sem ætlað er til að tryggja að rödd fólks undir 35 ára aldri hafi áhrif innan hreyfingarinnar.

„Þetta er vettvangur fyrir okkur til að fræðast og til að taka meira þátt og við reynum að draga fleira fólk með okkur í það eða verið líka stökkpallur fyrir okkur þegar við verðum ekki „ung“ lengur. Í fyrra vorum við með fræðsludaga þar sem meðal annars voru einfaldir fyrirlestrar um réttindi launafólks og farið yfir sögu ASÍ. Það heppnaðist ótrúlega vel og var vel mætt. Um helmingurinn voru innflytjendur sem var gott því stundum upplifir maður að þeir séu ekki meðvitaðir um hreyfinguna auk þess sem margir koma frá löndum þar sem hún nýtur ekki endilega trausts heldur er hluti yfirvalda.“

ASÍ-UNG komst í fréttirnar um daginn þegar einn stjórnarmanna félagsskaparins, Ólöf Helga Adolfsdóttir úr Eflingu, bauð sig fram gegn Ragnari Þór Ingólfssyni í stöðu forseta ASÍ á þingi sambandsins. „Hún taldi þá fulltrúa Eflingar sem mættu til þingsins ekki eiga seturétt því þeir hefðu ekki verið kosnir og vísaði í lög ASÍ um að fulltrúar á þinginu þurfi að vera lýðræðislega kjörnir. Hún lagði fram tillögu til kjörnefndar í þá átt. Til að leggja fram tillögu á þinginu þarf 15 undirskriftir og við vorum nokkur úr ASÍ-UNG sem skrifuðum undir. Það sem ekki fylgdi sögunni var að alls skrifuðu fulltrúar 11 félaga undir. Síðan kemur Sólveig Anna (Jónsdóttir, formaður Eflingar) í pontu og segir að Ólöf Helga með skæruliðavinum sínum úr ASÍ-UNG hafi knésett þingið og gert lítið úr hreyfingunni með að reyna að henda fulltrúum fjölmennasta aðildarfélagsins út. Það gripu margir þetta með skæruliðana á lofti.

Ég ætla ekki að ljúga því að þingið hafi verið auðvelt, sérstaklega ekki þegar þetta var allt að gerast. (Ragnar Þór dró framboð sitt til baka, skömmu síðar yfirgáfu fulltrúar VR og Eflingar þingsalinn). Þau gengu fram hjá borðinu okkar og hreyttu í okkur skítkasti. Ein kona gekk fram hjá mér og sagðist vona að ég væri stolt af mér, það væri jafnvel hægt að kalla mig hryðjuverkamann. Það var frekar óþægilegt.

Um kvöldið var veisla og áður en hún byrjaði fór ég upp á hótélherbergi. Þar hugsaði ég að ég gæti ekki látið sjá mig í veislunni, ég ætlaði ekki að taka á mig meira skítkast. Allir vissu að ég hafði skrifað undir tillöguna því nafnið mitt var undir henni í þingskjölunum. Við höfðum tvo tíma til að hugsa og ákváðum öll úr ASÍ UNG að mæta. Það hvarflaði aldrei að mér að hætta alveg þarna en ég veit að einhverjir félagar minna hugsuðu þannig. Ég skil það vel en svona atburðir yta mér frekar áfram.

Þegar við mættum í veisluna var okkur tekið með þvílíkum stuðningi, allir tóku

okkur fagnandi og bentu á að þetta væri ekkert okkar verk, fulltrúar ellefu félaga hefðu skrifað undir. Við hefðum að minnsta kosti haft bein í nefinu til að þora að segja okkar skoðun með að skrifa undir.

„Mér finnst galið að senda börnin heim með fulla tösku af námi eftir átta tíma skóladag og heyra þau rök að það eigi að undirbúa börn til þess að vera á vinnumarkaði á sama tíma og við fullorðna fólkið berjumst fyrir styttri vinuviku.“

Þetta var samt ótrúlega erfitt. Þetta var fyrsta þingið mitt og mánuðina á undan hafði hreyfingin einkennst af því að farið væri í manninn en ekki boltann. Það er samt engin spurning um að ég er tilbúin að halda áfram og hugsa að ég myndi skrifa aftur undir tillöguna.“

Sláandi að sjá mansal á Íslandi

Stjórnarfolk í ASÍ-UNG á einnig sæti í fleiri nefndum hreyfingarinnar. Ásdís Helga situr í vinnumála-, atvinnu-, og jafnréttisnefnd.

„Þar inni eru málefni sem ég er spennt fyrir að vinna meira að eins og jafnréttismál, málefni unga fólks og málefni kvenna.

Við höfum til dæmis unnið að verkferlum til að taka á kynferðisáreiti á vinnustöðum. Slíkt efni hefur vantað. Stefnan er að koma upp faghópi sem leiðbeint getur aðildarfélögunum. Svona mál geta verið erfið, einkum þegar ásakanir eru milli einstaklinga innan sama stéttarfélags.

Við sátum líka nýverið ráðstefnu um mansal þar sem farið var yfir hluti sem ég hafði engan vegin áttað mig á. Á Íslandi er ótrúlega mikið mansal, einkum eftir að stríðið í Úkraínu hófst. Fólk er tilbúið að gera nánast hvað sem er til að fá vinnu eða húsnæði. Það eru konur sem búa í gámum og vinna í 12 tíma í dag án þess að fá laun. Okkur voru sýnd skjáskot af skilaboðum þar sem verið var að leita að konum á aldrinum 20-30 ára til að gera hitt og þetta. Við erum að reyna að koma af stað einhverri stefnu til að taka á þessum málum.

Hvað varðar málefni innflytjenda þá er ótrúlega mikilvægt að þeir komist í íslenskunám. Það bætir ekki bara stöðu þeirra á vinnumarkaði heldur eflir þá persónulega þegar þeir geta farið að taka þátt í umræðum. Það á enginn að þurfa að missa af tækifærum því hann kemur frá öðru landi, hvort sem er um að ræða í vinnu eða húsnæði. Innflytjendur eiga oft ekki jafn greiðan aðgang að leiguhúsnæði, eru í láglunastörfum í þessu galna leiguverð eða geta ekki sýnt fram á meðmæli. Ég myndi vilja sjá hreyfinguna beita sér fyrir einhverju mótframlagi við leigu, ríkið hefur farið illa með húsnæðisbótakerfið og það virðist vera lítil áhugi fyrir bótum á því. Einnig finnst mér ríkið þurfa að beita sér af krafti gegn skammtímaleigum líkt og Airbnb, sá markaður hefur fengið að setja of mikið strik á leigumarkaðinn, auk þess að styðja við óhagnaðardröfin félög. Þau eru einhver til en biðlistarnir hjá þeim eru langir.“



„Okkur voru sýnd skjáskot af skilaboðum þar sem verið var að leita að konum á aldrinum 20-30 ára til að gera hitt og þetta.“

Vill fleira ungt fólk inn í hreyfinguna

En hvernig skynjar Ásdís Helga áhugann fyrir verkalyðsfélögum meðal fólks á hennar aldri? Eins og fleiri félagasamtök glímur verkalyðshreyfingin við áskoranir í að fá fólk til starfa í nefndum og stjórnunum. Eins er líka stöðugt sótt að hreyfingunni víða um heim, stórfyrirtæki á borð við Amazon hafa til dæmis beitt sér gegn því að fólk sé í verkalyðsfélögum. Sá áróður smitast líka til Íslands. Eftir lætin á þingi ASÍ um daginn kom fram tillaga á Alþingi um félagafrelsi á vinnumarkaði sem felur í sér miklar breytingar frá núverandi umhverfi. Ásdís Helga varar við slíkum hugmyndum.

„Fólk getur haft sínar skoðanir en mér finnst við hafa flott kerfi í dag. Ég sótti nýverið norrænt námskeið um verkalyðsmál og það var mikið talað um þau vandamál sem fylgja fullkomnu félagafrelsi á vinnumarkaði. Í Noregi eru lágmarkslaun til dæmis aðeins bundin í

„Í Noregi eru lágmarkslaun til dæmis aðeins bundin í kjarasamninga. Það er vandamál þegar félagsaðild er ekki nema 60%.“


kjarasamninga. Það er vandamál þegar félagsaðild er ekki nema 60%. Námsmenn og innflytjendur eru stóru hóparnir utan félaga. Margt fólk úr þessum hópum er fegið að fá vinnu og starfar því fyrir nánast ekkert. Endalokin eru samt þau að báðir tapa því gagnkvæm réttindi og skyldur eru hvergi almennilega skilgreind.

Ég vil gjarnan taka fleira ungt fólk með mér inn í verkalyðshreyfinguna. Ég veit það er áskorun því það gildir það sama um aðra

félaga mína í ASÍ-UNG að þeir hefðu vart tekið þátt nema fyrir tilviljun. Sumir vita varla að þeir greiði til stéttarfélags. Ég vissi af AFLi því ég hafði einu sinni þurft að leita þangað í sumarstarfi, annars hefði ég vart haft neina hugmynd um starfsemi félagsins. Ég og einn félagi minn úr stjórn Afls höfum við meðal annars rætt um hvort hægt sé að útbúa efni sem hægt sé að fara með inn í framhaldsskólana en vitum að það er stórt viðfangsefni. Ég fékk sjálf enga fræðslu um verkalyðsfélögin í skóla, né flestir aðrir sem ég þekki. Í framhaldsskólum er kennd lífsleikni en þar er samt ekki farið yfir hvernig eigi að lesa launaseðil.

Ég veit það er vonlaust að ætla að tala við 16 ára unglunga um lífeyrissjóði og séreignasparnað en við getum látið þau vita af menntastyrkjum, réttindum og fleiri sem vakið gæti áhuga. Ef það gengur eftir þá fáum við fleira fólk inn í hreyfinguna. Til að verkalyðshreyfingin verði áfram áhrifaríki þarf hún að vera með breiðu kynslóðabili og fólki sem starfað hefur nógu lengi innan hennar til að taka við keflinu.“

Þróun félaga í AFLi með annað ríkisfang en íslenskt





Til góðra verka